

Menningarminjar á Hólum og lóð Laugaskóla í Reykjadal.

Orri Vésteinsson

**Fornleifastofnun Íslands
FS100-99181
Reykjavík 1999**

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um fornleifaskráningu	5
Lögbundin skilgreining á fornleifum	6
3. Fyrri fornleifaathuganir á skráningarsvæðinu.	8
4. Saga byggðar á skráningarsvæðinu	8
5. Aðalskráning fornleifa 1999	11
SP-270 Hólar	13
SP-289 Litlu-Laugar	26
6. Fornleifar og byggð	37
7. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	40
8. Heimildaskrá	41

Kortaskrá

1. Minjastaðir í landi Hóla	milli s. 12 og 13
2. Minjastaðir í túni á Hólum	15
3. Minjastaðir í landi Litlu-Lauga	milli s. 26 og 27
4. Minjastaðir í túni á Litlu-Laugum	28

1. Inngangur

Vegna vinnu við deiliskipulag á lóð Laugaskóla úr landi Litlu-Lauga í Reykjadal og á landi Reykjadalshrepps úr landi Hóla í Reykjadal fór Reykjadalshreppur þess á leit við Fornleifastofnun að gerði yrði fornleifaskráning á skólalóðinni og á jörðunum Hólum og Lautum. Lautir er nýbýli úr landi Hóla og var háflenda hennar. Býlið er nú eign Reykjadalshrepps sem hyggst skipuleggja þar byggðakjarna.

Engin fornleifaskráning hefur verið gerð áður á þessu svæði og var því fyrst ráðist í að kanna helstu heimildir um fornleifar á svæðinu en vettvangsvinna var gerð dagana 16.-18. nóvember 1999. Viðtöl voru tekin við Eyvind Áskelsson á Laugafelli, Garðar Jakobsson á Lautum og Guðrínu Glúmsdóttur og Glúm Haraldsson á Hólum. Snjóföln var á jörðu er skráningin var gerð og aðstæður því ekki sem bestar til fornleifakönnunar. Síðar var rætt við Sverri Haraldsson í síma.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.¹ Hér er að finna yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (2. kafli). eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskrárm í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknum á skráningarsvæðinu (3. kafli) og byggðasögu svæðisins (4. kafli). Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 1999 (5. kafli). Í 6 kafla eru dregin saman megineinkenni byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu og í 7 kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

Við skráninguna var beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið af Fornleifastofnun Íslands frá 1989. Orri Vésteinsson sá um heimildakönnun, vettvangsvinnu og úrvinnslu og færir hann heimildamönnum sínum bestu þakkir fyrir aðstoðina.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á

skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Lögbundin skilgreining á fornleifum

Hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar

úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar.

Í reglugerð með Þjóðminjalögum sem sett var 1998 er þessi skilgreining á fornleifaskráningu:

“Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og upprættir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrituð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana”

3. Fyrri fornleifaathuganir á skráningarsvæðinu

Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð í Reykjadal og á svæði því sem skráð var 1999 eru ekki minjastaðir sem athugaðir hafa verið af fornfræðingum eða sem getið er í ritum um fornminjar. Garðar Jakobsson á Lautum hefur þó ritað samantekt um eyðibýli í Reykjadal þar sem hnn lýsir rústum á Valdys og Bollastöðum og getur um garðlög, reiðgötur og mannabeinafund í landi Hóla. Til eru ítarlegar örnefnalýsingar fyrir Hóla og Liltu-Laugar og er þar víða getið um forn mannvirki og jafnvel gefnar ítarlegar lýsingar á þeim. Heimildir um fornleifar á skráningarsvæðinu verða því að teljast venju fremur góðar.

4. Saga byggðar á skráningarsvæðinu

Skráningarsvæðið nær yfir hluta úr landareignum jarðanna Litlu-Lauga og Hóla. Annarsvegar er um að ræða lóð Laugaskóla sem er nyrsti hlutinn í

landi Litlu-Lauga, milli hins gamla túns og norðurmerkja við Stóru-Laugar. Land Hóla og Lauta sem skráð var 1999 er aðeins hluti af hinni upphaflegu Hólajörð því jörðin átti áður land vestur í Seljadalsá sem selt hefur verið til Breiðumýrar og 700 m breið skák sunnan af landinu var seld undir nýbýlið Kárhól 1954.

Hvorki Hóla né Litlu-Lauga er getið í fornritum svo full vissa sé. Lauga er getið í Reykdæla sögu (ÍF X, 289) en með þannig orðalagi að ekki er hægt að sjá við hvora Laugajörðina er átt. Jarðirnar koma báðar fyrst fram í skjölum frá 15. og 16. öld. Hóla er fyst getið í bréfi frá 26.1.1437 en þá keypti Björn Sæmundsson á Einarstöðum Hóla og Daðastaði. Hólar voru heimanmundur Guðrúnar dóttur Björns og 14.5.1459 seldu hún og Jón Þorkelsson maður hennar sr. Þorkeli Guðbjartssyni jörðina. Sr. Þorkell var einn mesti kirkjuhöfðingi landsins á þessum tíma og stóreignamaður á norðuausturlandi. Í bréfinu sem gert var um þessa sölu er sagt frá merkjum jarðarinnar: "millum gardz þess er geingur fyrir sunnann Karagrof og annars gardz sem geingur firir utan Holagerde er bader ganga uestur i Kuijndisdalsä. og austur i Rejkjadalsä og alla landeign millum þessara ummerkia." Sést af þessu að jörðin heur haft sömu merki á 15. öld og hún hafði uns landið á Seljadal var selt til Breiðumýrar og Kárhólsland var klofið úr 1954. Þessi kaup virðast hafa gengið til baka því 4.9.1465 handlagði Björn Sæmundsson Ólafi Hólabiskupi jarðirnar Hóla og Dattstaði fyrir 50 hdr í reikning Einarstaðakirkju og skyldu þær vera í pant fyrir kirkjugóssin meðan Björn lifði en eftir hann andaðan skyldu þær vera fullkomin eign Einarstaðakirkju nema erfingjar leystu þær að næstu fardögum eftir hann dauðan. Eftir þetta voru Hólar eign Einarstaðakirkju og á 16. öld er jarðarinnar víða getið í bréfum um Einarstaði og er þar jafnan tekið fram að jörðin sé í panti. Síðar var hún svo talin fullkomin eign Einarstaðakirkju.

Í bréfinu frá 1437 er þess getið að fallið bænhús sé á Hólum og er kaupanda uppálagt að reisa það við. Bærir sem höfðu bænhús eða kirkjur eru yfirleitt í röð eldri býla og má taka bænhúsið sem vitnisburð um að byggð hafi verið kominn í Hólum þegar á 11. öld og eru raunar fullar líkur á að þar hafi búseta hafist þegar á landnámsöld.

Í bréfinu frá 1459 er getið um Hólagerði, sem er sama og Valdys, en ekki sést af því hvort þar hefur þá verið byggð. Einasta má ráða að það

hefur ekki verið sjálfstæð jörð. Hvergi er getið um afbýlin Bollastaði og Kársstaði fyrr en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Þá voru öll býlin þrjú, Bollastaðir, Kársstaðir, Valdys eða Hólagerði löngu komin í eyði, og sýnir það að ekki hefur verið byggð á þessum stöðum á 17. öld. Hversu miklu eldri en það byggðin hefur verið á þessum stöðum er hinsvegar ómögulegt að segja án rannsókna. Á engum þessara staða hafa verið mjög miklar rústir (Kársstaðir eru nú horfnir) og er líklegt að byggðin á Bollastöum og Kársstöðum hafi verið skammvinn. Heldur meiri rústir eru á Valdys og sýnt að túnið þar hefur verið í notkun nógu lengi til að hluti túngarðsins hefur fallið og verið hlaðinn upp aftur. Hvers eðlis byggðin á Valdys hefur verið er hinsvegar óhægt að segja – þar gæti hafa verið sjálfstætt býli en þar gæti líka aðeins hafa verið beitarhús með túnbletti í kring.

Frá 16. öld a.m.k. voru ítakaskipti milli Stóru-Lauga og Hóla, Hólar áttu engjaítak syðst í Stóru-Laugalandi, þar sem kallað var Hólategur, en Stóru-Laugar áttu torfskurð í Torfdal.

Nafnið Litlu-Laugar er ekki notað í skjölum fyrr en 1560 en í eldri bréfum er jörðin kölluð Syðri-Laugar. Hennar er fyrst getið 7.6.1528 en þá keypti Jón Arason Hólabiskup bæði Ytri-Laugar og Syðri Laugar. Hann seldi Stóru-Laugar aftur en Litlu-Laugar voru meðal þeirra Hólastólsjarða sem konungur tók undir sig eftir siðaskipti. Í sölubrési Stóru-Lauga frá 25.5.1560 eru tilgreind landamerki: “í milli lithlv Lauga og Storu Lauga í gardinn fyrir sunnan stóra stein.” Það er í þessu bréfi sem nafnið Litlu-Laugar kemur fyrst fyrir en það sýnir jafnframt að þau merki sem nú eru milli jarðanna hafa verið þau sömu allt frá 16. öld.

Litlu-Laugar eru eins og nafnið bendir til mun minni jörð en Stóru-Laugar, 26 eða 20 hundruð á móti 60 hundruðum. Nafnið bendir til að jörðin hafi upphaflega verið ein og heitið Laugar en hvenær Litlu-Laugar voru klofnar frá er erfitt að segja. Það getur vel hafa verið mjög snemma, þessvegna þegar á landnámsöld eða skömmu síðar. Um það eru mörg dæmi að jarðir með sama nafn séu mjög gamlar, t.d. Árskógur minni og stærri og Bægisá ytri og syðri.

5. Fornleifaskráning 1999

Haustið 1999 voru skráðir 42 staðir í landi Hóla og Litlu-Lauga, 26 í landi Hóla (en þar eru alls 28 á skrá) og 16 í landi Litlu-Lauga (en þar eru alls 30 á skrá). Skráðir voru allir þekktir minjastaðir á lóð Laugaskóla og auk þess nokkrir aðrir í næsta nágrenni við lóðina, einkum í hinu gamla túni Litlu-Lauga. Á Hólum voru allir minjastaðir skráðir nema þeir sem nú teljast til lands Kárhóls. Þeir skiptast þannig eftir tegundum:

bæjarhólar og bæjarstæði	4
tóftir og rústabungur	5
garðlög	3
frásagnir	1
varða	1
götur	2
mannabein	1
örnefni	3
mannabein	1
heimildir	20
gerði	1
<i>Samtals</i>	<i>42</i>

Hlutverk þessara staða greinast hinsvegar svo:

bústaður/býli	4
bænhús	1
fjárhús	8
hesthús	2
kálgarður	1
kvíar	1
landamerki	2
legstaður	1
leiðir	3
mógrafir	1
rista	1
stekkir	3
sundlaug	1
túngarðar	2
útihús	1
vöð	3
óþekkt	7
<i>Samtals</i>	<i>42</i>

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (EY, SP o.s.fr.v.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-279:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki allt hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðrins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 17 metrar að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu, og 3) mikil hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið

heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Hættumat er aðeins gert þar sem mannvirki eru eða hafa verið eða á 29 stöðum af 42. 8 staðir töldust ekki vera í neinni hættu, 21 töldust í hættu en það þýðir að staðirnir eru á eða nærri athafnasvæðum eða rofsvæðum án þess að skilgreind sé sérstök vá sem að þeim steðjar, en enginn staður taldist í mikilli hættu. Langflestir staðir teljast í hættu vegna umgangs, þ.e. þeir eru á svæðum þar sem atvinnustarfsemi (í flestum tilfellum landbúnaður) á sér stað.

Í skránni hér að neðan eru allir staðir á jörðunum tveimur sem upplýsingar eru um í ÍSLEIFU – gagnagrunni um íslenskar fornleifar, en þeir sem athugaðir voru á vettvangi 1999 þekkjast af því að þeim fylgir hnit og hættumat.

SP-270 Hólar

20 hdr. 1712. Einarstaðakirkjújörð. 26.1.1437 selur Þorsteinn Magnússon Birni Sæmundssyni Hóla og fleiri jarðir í Reykjadal "skyldi biornn suara fyrer tuo bænhus er nidvr voru fallen aa dattstodum ok holum upp aa sina peninga." DI IV 565. 14.5.1459 selur Jón Þorkelsson sr. Þorkeli Guðbjartssyni Hóla með samþykki konu sinnar Guðrúnar Björnsdóttur "til grejnd þesse jardareign. millum gardz þess er geingur fyrir sunnann Karagrof og annars gardz sem geingur firir utan Holagerde er bader ganga uestur i Kuijndisdalsä. og austur i Rejkjadalsä og alla landeign millum þessara ummerkia. Hier i mot gaf s þorkell [samtals 20 hdr og 5 uxa gamla]." DI V, 177-78 sbr. 178-179. 10.10.1463 sagði Björn Sæmundsson seljandi Dattstaða "ad gardur saa. sem liggur j mirinni fyrir sunnan Hóla og gengr upp aa aasinn nedan fra aanni. redi landamerkiuum midlum jardanna Hóla og Dattstada." DI V, 396. 4.9.1465 handlagði Björn Sæmundsson Ólafi Hólabiskupi jarðirnar Hóla og Dattstaði fyrir 50 hdr í reikning Einarstaðakirkju og skyldu þær vera í pant fyrir kirkjugóssin meðan Björn lifði en eftir hann andaðan skyldu þær vera fullkomin eign Einarstaðakirkju nema erfingjar leystu þær að næstu fardögum eftir hann dauðan - DI V, 448-49. 6.5.1536 eru Hólar og Daðastaðir enn taldir standa fyrir peningum kirkjunnar á Einarstöðum er Ari Jónsson keypti þá jörð af Páli Grímssyni - DI IX, 767. sbr. DI XI, 115-16 og DI XII, 85-86. 6.7.1553 voru 5 leigukúgildi á Hólum og jörðin leigð fyrir 1 hdr, 20 álnir en hún fylgdi þá Einarstöðum - DI XII, 603. 25.5.1560 eiga Stóru Laugar "torfsskurd i Torfdal i Hóla land sem uid þirfti." DI XIII, 487. 1712: "Engjatak á jörðin takmarkað í Stóru Lauga land, sem Hólsteigur kallast, mót vetrararbeit, sem Laugar brúka hínagað." JÁM XI, 185. Hólsteigur er syðst í landi Stóru-Lauga þar sem húsið Norðurpóll er nú. "Land Hóla náði áður fyrr allt frá Reykjadalssá vestur yfir Háls að Seljadalsá. Nú hefur vesturhlíð Hálsins verið lögð undir Breiðumýri með landsölu, svo sem landamerkjalyking bendir til. Einnig náði Hólaland áður að Daðastaðalandi, en 700 m breið skák sunnan af því hefur verið seld undir nýbýlið Kárhól." Ö-Hólar, 1. Kárhóll var stofnaður 1954. Nýbýlið Lautir var byggt á hálfendu Hóla 1947 en allt land jarðanna er óskipt. Land Lauta hefur nú verið selt Reykjadalshrepp.

1839: "Túnið fôðrar tvær kýr. Engi reytingssamt og hefur skemmst af grjótburði úr ánni. Útbeit er þar nokkur á veturnum en landlétt." SSP, 112.

SP-270:001 *Hólar* bæjarhóll bústaður 65°43.288N 17°21.919V

Núverandi íbúðarhús á Hólum er frá 1929 og var það reist á vestasta hluta torfbæjarins, þar sem skemma var í miðri bæjarhúsaröðinni. Sunnan við hana voru bæjardyr og stofa undir einu þaki og stóð það hús á meðan steinhúsið var byggt. Norðan við skemmuna var smiðja og var hún færð austar er steinhúsið var byggt og stóð lengi þar aftan við húsið. Torfbærinn hefur því að mestum hluta verið austan við steinhúsið. Steinhúsið sjálft var grafið niður á fast og síðar hefur verið byggð við það skúrbygging, að hluta með steinveggjum, sem nær að líkindum yfir mestallt gamla bæjarstæðið. Austan við þessa byggingu er steypur kjallari, líklega gamalt haughús. Nyrsti torfveggurinn úr gamla bænum stendur enn norðan við skúrbygginguna.

Trjagarður er á syðri hluta bæjarstæðisins, þar sem stofa og búr voru en steypur skúrbygging er á stærri hluta bæjarstæðisins, norðanmegin. Að sunnan og vestan er aðkeyrsla og hlað. Að norðan og austan er grasi gróinn hvammur og hefur verið talsvert rask, einkum austan við.

Til eru ljósmyndir af bænum frá árunum í kringum 1930, ein frá því milli 1924 og 1929, áður en steinhúsið var byggt, og sjást þá stafnarnir þrír vel, stofa og bæjardyr syðst, þá skemma og smiðja nyrst. Önnur er frá um 1930 og sést þá steinhúsið nýbyggt en stofan stendur enn sunnanvið. Á þriðju myndinni er stofan horfin en glittir í kofa aftan við steinhúsið, sú mynd er tekin eftir að íþróttahúsið á Laugum var byggt. Bæjardyrnar voru norðanmegin í stofuhúsinu og var stofan alþiljuð sunnan við þær. Í stofunni var lokrekkja í austurenda og innbyggður klæðaskápur sem var öfundarefni húsmæðra í sveitinni. Annað rúm var við vesturvegg. Dyr upp á loft voru vestast. Á loftinu var kista og þar var geymt gestabrauð en einnig ull og fleira. Úr bæjardyrum var fyrst gengið til norðurs í skemmuna en hún hafði ekki dyr fram á hlað. Inn af bæjardyrum tóku við göng og var fyrst búr að sunnan og eldhús andspænis því að norðan. Innst var svo baðstofa. Inn af norðurenda eldhússins var 3 kúa fjós og voru göng úr því út úr bænum til norðurs. Fjósið var eina húsið á bænum sem hrundi í Húsavíkurskjálftanum. Norðan við baðstofuna var fjóshlaða og voru göng milli hennar og eldhússins. Norðan við skemmuna var smiðja, nyrsta húsið við hlaðið og hafði hún eigin dyr og var ekki innangengt úr henni í önnur hús bæjarins. Stofan stóð til 1931 en viðirnir úr henni voru þá keyptir af Laugaskóla og var hún varðveitt þar uppi á lofti um skeið en ekki er vitað hvað hefur orðið af viðunum síðan. Smiðjan var færð til austurs er steinhúsið var byggt og stóð hún lengi ásamt fjósinu og eldhúsinu aftan við steinhúsið, smiðjan norðan við en hin húsin austan við. Trjagarðurinn er á um 1 m hárru upphækkun miðað við aðkeyrsluna sunnan við en annars er ekki bæjarhóslmyndun að sjá á þessum stað.


Á áttunda áratug 20. aldar var unnið við gröft fyrir rafmagnskapli úr íbúðarhúsinu og vestur í nýtt fjós á Hólshúshóli. Þá komu í ljós dýrabein er grafið var í gegnum öskuhaug í hlaðinu og ýmsir gripir, þar á meðal kambur sem nú er á Þjóðminjasafni og er talinn vera frá um 1300. Meðal dýrabeinanna voru bein úr svínunum en það bendir til hás aldurs byggðarinnar því svín voru ekki algeng nema á fyrstu áratugum byggðar á Íslandi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-270:002 *Torfdalur* örnefni rista 65°43.592N 17°2.101V

"Torfdalur opnast á milli [Langahryggs í Hólalandi og Lönguhlíðarhryggs í Breiðumýrarlandi] norður að ársveignum, og heitir þar Torfdalskjaftur. Úr Torfdal fellur nafnlaus lækur ... Torfdalur ... nær frá Lönguhlíðarhrygg að norðan suður undir



Kort 2. Minjastaðir í túni á Hólum

Hólabæ. Í dalnum norðantil eru starartjarnir, Torfdalstjarnir. Þarna þær í mestu þurrkasumrum, en mjög sjaldan." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt sölubréfi frá 25.5.1560 áttu Stóru Laugar "torfsskurd í Torfdal í Hóla land sem uid þirfti." DI XIII, 487. Torfdalur er norðan við bæ, neðan vegar og eru tvær stórar tjarnir í honum syðst. Mógrafir voru í Torfdal og náðu þær þvert yfir dalinn, fast norðan vð Leirtjörn sem er nyrðri tjörnin af tveimur syðst í dalnum. Grafirnar náðu fast að austurhlið dalsins en ekki alveg að vesturhliðinni. Grafirnar sjást ekki lengur utan sem óreglulegar smátjarnir á um 75x50 m svæði norðan við Leirtjörn austanmegin í dalnum Mýrarfláki girtur grónum malarholtum á alla vegu. Tjarnir syðst en norðan við þær flöt og mjög blaut mýri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hólar, 5; DI XIII, 487.

SP-270:003 Réttarhúsvað heimild um vað 65°43.782N 17°21.941V

"Vað er á Reykjadalssá austur af Austureyri, Réttarhúsvað, kennt við fjárhús austan ár." segir í örnefnalýsingu. Réttarhúsvað var þar sem Reykjadalssá byrjar að beygja til vesturs fyrir Torfdalseyri, á móts við vik í háan árbakkann austanmegin.

Áin er á þessum stað um 10 m breið og er áll í henni austanmegin og er því ekki gott vað á þessum stað lengur. Að vestan er slétt graseyri - nú tún - að ánni en að austan er 3-4 m hár bakki en vik í hann þar sem vaðið var.

Heimildir: Ö-Hólar, 4

SP-270:004 Stekkjarlaut

3 tóftir stekkur 65°43.642N
17°21.951V

"Norðvestur af Stekkjareyri er alldjúp og stór laut, Stekkjarlaut." segir í örnefnalýsingu. 3 stekkjartóftir eru nyrst í Stekkjarlaut, sem er allstór hvilft austan í Langholti, vestan við Barð og Stekkjareyri. Tún er fast að austurbrún lautarinnar.

Stórþýfður grasmói er í sléttum botni lautarinnar en lyngmói í hliðum og á holtunum í kring. Lautin er um 1 ha að stærð og skjólsæl, og hefur þar verið talsverð beit.


Tvær syðri tóftirnar virðast vera aðskilin rétt og kró og eru þær sýnilega yngri en þriðja tóftin sem er í brekkufætinum norðan við. Sú tóft er mun signari, og er lítil lambakró sambyggð vestanvið


réttina. Dyr úr réttinni eru til suðvesturs. Eystri tóftin af þeim yngri er rétt, opin til vesturs, en króin sem er 3 m frá er byggð hátt upp og hefur dyraop til suðurs.**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Hólar, 4

SP-270:005 Kirkjulaut tóft bænhús 65°43.318N 17°21.974V

"Suður af Torfdalsklauf, vestan undir Kleiki, er kröpp laut, Kirkjulaut. Nafngift óviss, en um vesturbarm hennar lágu reiðgötur frá Hólahlaði, sem gætu hafa verið





kirkjuvegur að
Einarsstöðum." segir í
örnefnalýsingu.
Kirkjullaut er bolli eða
hvilft ofaní hólinn NNV
við bæinn. Vegurinn að
Laugum er nú á
norðurbarmi hennar en
gamli vegurinn að
Laugum, sem lá um hlað
á Hólum, er á barminum
vestan og sunnan megin.
Sá vegur er sennilega
upphlaðinn að
vestanverðu. Reiðgötur
sjást vestanmegin í
lautinni þar sem boginn á
gamla veginum er
mestur. Austan við
norðurenda þeirra er tóft.
Hún er í vesturhluta

lautarinnar. Garðar Jakobsson getur um tóftina í Kirkjulaut í grein um eyðibýli í Reykjadal: "Talið er að kirkja hafi verið í Hólum, en þá líklega í kaþólskum sið og víst er það að beinagrindur nokkrar fundust þegar ruddur var vegur að Laugum ... og stuttan spöl norðan við Hólabæ er laut sem heitir Kirkjulaut. Þar eru menjar um kofa, en smá hefur sú kirkja verið, eða eins og dálíttill hrútakofi."

Grasigróin hvilft. Ofan í hana hefur verið velt steinunum Kleikum (Kleikar - nafn á steinum á hólum Kleiki). Lautin var í túnjaðri við leiðina að bænum úr norðri. Norðan við eru malarhólar og lautir á milli.


Í sölubréfi fyrir Hóla frá 26.1.1437 kemur fram að kaupandinn skyldi svara fyrir bænhús á Hólum sem væri fallið niður - DI IV 565. Ekki er vitað hvar þetta hús hefur staðið og kemur tóftin í Kirkjulaut til greina sem og grafreitirinn 024 austan við bæinn. Tóftin í Kirkjulaut er sporöskjulaga og hefur suðurveggurinn sérílagi sigið ofan í lautina þannig að hann virðist bogadreginn. Veggir eru vel stæðilegir. Tóftin snýr sem næst A-V og er vesturendinn heldur mjórri en austurhliðin. Reiðgötur sjást fast vestan við tóftina, á um 20 m bili og eru um 6 m breiðar. Þær hverfa undir gamla vegarstæðið bæði að norðan og sunna. Ekki eru til sagnir um að þessi tóft sé af kirkjunni en heimamenn á Hólum hafa jafnan talið að tóft þessi væri af kirkju.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 5; DI IV, 565; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 105.

SP-270:006 Stekkjarholt tóft
stekkur 65°43.077N
17°21.471V

"Sunnan graseyrarinnar meðfram ánni [sunnan bæjar] er holtrani, Stekkjarholt flt." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft er austanundir nyrsta rana Stekkjarhóla, um 70 m vestan við



Reykjadalsá og 20 m sunnan við skurð sem er sunnan við syðsta túnið á árbakkanum.

Tóftin er undir lágu holti og eru lyngmóar í þeim, gróin holt suður af, grónar áreyrar að austan en móar - nú tún - norðan við.

Tvískipt stekkjartóft með venjulegu lagi. Botn króarinnar er um 1 m hærra en botn réttarinnar. Stekkurinn er byggður inn í brekkufót. Grjóthleðslur sjást ekki. Dyr eru í austur út að áreyrunum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hólar, 6

SP-270:007 *Svarðargrafir* heimild um mógrafir 65°43.060N 17°21.946V

"Mýrarlægð er norðvestan hólklasans [beint suður af Hólatúni], heitir hún Sund. Þar var mikil og góð mótekja og sér fyrir gröfum enn. Þar heita Svarðargrafir. Var mótekjan stunduð frá fleiri bæjum. Þurrkuðu bændur móinn á hólunum, og hlutu þeir á tímabili nöfn eftir þeim, er notuðu þá til þurrkvallar hverju sinni, Bensahóll, Stjánahóll, Sæmundarhóll og Læknishóll. Þau nöfn hafa ekki festst við þá og voru tímabundin." segir í örnefnalýsingu. Sund er beint suður af trjáreit sem er sunnan við íbúðarhúsið Langholt, um 300 m suður af Kvíhól.

Mýrarsund milli gróinna malarhóla, um 1 ha að stærð, hefur nú verið sléttað undir tún. Nú sér hvergi til grafa á þessu svæði. Mór var grafinn í Sundi fram um seinni heimsstyrjöld en ekki þó frá Hólum því þar var komið heitt vatn í hús 1931 og rafmagn 1933. Mórinn á þessum stað þótti

mjög góður og var 12-13 stungur þegar búið var að taka 3 stungur ofan af. 2 leirlög voru í mónum og lurkalög. Hólarnir sem kallaðir eru -hólar í örnefnalýsingu voru í tali manna kallaðir -holt. Einu hólarnir voru Háihóll og Sorthóll en allir aðrir voru -holt. Sæmundarholt og Læknisholt eru sama holtið. Næst bæ var Heimaholt.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 6

SP-270:008 *Sorthólsdý* örnefni 65°42.983N 17°21.714V

"Stakur hóll er nokkru sunnar en hólaklasinn [sbr. 007], Sorthóll. Sunnan undir honum er Sorthólsdý." segir í örnefnalýsingu. Sorthóll er stakur hóll, um 100 m vestan við Stekkjarholt og 100 m sunnan við skurð sunnan við syðstu túnin frá Hólum. Dýið er 20 m suðaustan við hólinn og rennur lítill lækur úr því til NNA.

Gróinn melhóll, grasmóar í kring og er allmikið víðikjarr í þeim.


Ekki er vitað til að sorti hafi verið tekinn í þessu dýi eða þar í grennd. Hóllinn sjálfur mun vera áberandi dekkri en önnur holt í kring og telur Garðar Jakobsson að hann dregi nafn sitt af litnum.

Heimildir: Ö-Hólar, 6

SP-270:009 *Stórhús* tóft fjárhús 65°43.214N 17°22.009V

"Ofan við túnhorn að sunnan var lítið mýrarsund, Stórhúsmyri og ofan þess holt, Stórhúsholt. Upp úr Stórhóltsmyri, norðan Stórhólts var Stórhúsgeiri. ... Suður af Hólshúshóli, rétt við vallargarð voru fjárhús, Stórhús, og neðan við þau Stórhúsbrekka." segir í örnefnalýsingu. Tóft Stórhúsa sést enn í túnjaðrinum suðaustan við Kvíhól, um 100 m SSV af Hólshúsum og um 100 neðan (ANA) við íbúðarhúsið Langholt.

Í túnjaðri, á hólbrún og er bratt niður af austur af en húsin stóðu langsum á blábrúninni. Vestan við er allstór grashvammur með myri í botninum (Stórhúsmyri). Stórhús voru byggð austan í vallargarðinn 010, og voru fjárhús syðst, hlaða norðan



við þau og kofi þar norðan við. Syðri hólfín tvö eru mun skýrari og eru veggir þeirra hlaðnir úr stóru grjóti, allt að 4 umför. Skilveggur milli fjárhúss og hlaðu er úr torfi og grjóti. Nyrðra hólfíð (hlaðan) er mun dýpra. Norðan við hana er lítið hólf byggt utan í framhald túngarðsins norður úr Stórhúsum. Veggjastreidd 1-1,5 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 7

SP-270:010 *Vallargarður* garðlag

túngarður 65°43.153N 17°21.984V

"Norðan Stórhúsmýrar [009], við Vallargarð, var Kvíhóll ..." segir í örnefnalýsingu. Vallargarður náði áður í kring um allt túnið en sést nú aðeins við suðvesturhorn þess, suður af Stórhúsum 009. Þar er hann á 60 m kafla en hverfur þegar hann hefur beygt til austurs.

Áður í túnjaðri en nú eru tún eða athafnasvæði, byggingar og vegir, þar sem hann var.

Vallargarðurinn náði um allt túnið að sunnan, vestan og norðan en að austan var áin. Honum var haldið við uns hann fór að falla fyrir stækkandi túni, fyrst 1928 að sunnanverðu. Örlítill spotti

gengur nú norður úr Stórhúsum, en lengri kafla er sunnan við. Næst húsunum er garðurinn sprunginn og sokkinn, en í brekkunni þar sem hann byrjar að beygja til austurs stendur hann mjög vel, með beinri hliðar báðum megin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 7

SP-270:011 *Kvíhóll* heimild um kvíar 65°43.203N 17°22.072V

"Norðan Stórhúsmýrar [009], við Vallargarð [010], var Kvíhóll og austan í honum Kvíar. Ofan Kvíhóls var Kvíhólsmýri og náði upp að brekku og suður með henni að Vallmó." segir í örnefnalýsingu. Kvíhóll er suðvestan við Hólshúshól og norðvestan við Stórhús 009. Hann er mjög brattur að sunnan og austan en að vestan hefur hann aðeins verið smábunga á brúninni. Á hólnum stendur nú útihús, stór braggi á steyptum sökkli og steyptar skúrbyggingar austan við. Við hólinn voru tvær kvíatóftir, önnur austanundir en hin sunnanundir, niðri í hvamminum vestan við Stórhús 009.

Brattur hóll á brekkubrún og var mýri ofan við, Kvíhólsmýri, nú tún. Sunnan og neðan við var hvammur með mýri, Stórhúsmýri en austan og norðaustavið var vallargarðurinn 010 og túnið. Á hólnum er nú útihús og athafnasvæði allt í kring.

Syðri kvíarnar hafa verið um 30 m vestur af norðurenda Stórhúsa og hafa lent undir fyllingu sem sett hefur verið til að gera aðkyerslu að útihúsinu uppi á hólnum. Eystri kvíarnar hafa verið enn


nær túngarði, undir brattri brekkunni í austurhlið Kvíhóls en þar hefur verið mikið rask vegna bygginga. Hætt var að færa frá á Hólum 1913.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 7

SB-270:012 *Valdys/Hólagerði*
bæjarstæði 65°43.553N
17°22.735V

14.5.1459 eru landamerki Hóla að norðan um garð "sem geingur fyrir utan Holagerde ... uestur i Kuijndisdalsä.." DI V, 177-78. 1712: "Holagerde, kallast nu almennilega Valdys, nefnist fornt eyðiból út frá jörðinni hjer í landinu, eru þar bæði merki garða og tófta, þó það sje mjög gamalt. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi." segir í jarðabók Árna og Páls. "Neðst í hlíðinni, norður undir merkjum, er grasivaxinn hóll, Valdys. Þar og í kring sér fyrir miklum garðbrotum og tóttum. Er þar talið hafa verið býli fyrrum, samnefnt hólnum. Engar sagnir kunnar um nafngift." segir í örnefnalýsingu. Í grein um eyðibýli í Reykjadal segir Garðar Jakobsson: "Valdys. Fornt eyðibýli í landi Hóla í



Reykjadal. Grasi gróinn hóll er nyrst í landi Hóla eða norður endir merkjunum á milli Hóla og Breiðumýrar er hann vestan þjóðveggar og sést víða að og hefur lyng eða fjalldrapi ekki náð að leggja hann undir sig því umhverfis hann er allt í slíkum gróðri. Þar sem hóllinn er hæstur eru bæjarrústirnar. Skammt norðvestan við þessar rústir voru óglöggar rústir sem gætu hafa verið heystæði og austan í hólnum var stutt garðbrot. En á að giska 30-40 metrum í suðvestur frá bæjarhúsunum hafa peningshúsin verið. En veglegustu minjarnar um byggð á Valdys eru þó garðarnir sem hlaðnir hafa verið umhverfis túnið og eru þeir á pörtum tveir eins og túnið hafi verið stækkað til suðurs og vesturs og sér glegggra fyrir þeim en húsarústunum." Með greininni fylgir teikning af bænum og mælist Garðari bæjartóftin vera 10x9 m og skilveggur vera um það þvert frá A til V. Útihústóftina telur hann tvískipta, alls 10x4,5 m, fjárhúsið 6 m og heystæði norðan við 4 m. Valdys er á hól um 150 m norðan við nyrsta húsið í byggðinni ofan við þjóðveg, um 100 m vestan við veginn.

Túngarður er í móa í kringum háan grashól. Ofan og norðanvið er mýri og einnig fast neðan við, milli hóls og vegarstæðis. Lítilsháttar efnisnám hefur verið í hólinn að suðaustan og hefur garðurinn verið skemmdur þar á kafla.

Túngarðurinn er mjög skýr og sést vel frá veginum. Hann er tvöfaldur að sunnan og vestan. Tóftirnar eru uppi á hólnum. Ein óljós, meira eins og kví, er fast upp við innri túngarðinn að innan.

Önnur er í halla þar suðaustur af, einföld, 10x6 m að stærð. Úr suðurenda hennar gengur garður niður í túngarðinn. Aðaltóftirnar eru uppi á há-hólnum og eru heldur óglöggar. Norðar er lítil, einföld tóft, 6x5 m að stærð, en sunnar er stærri tóft

með viðbyggingu að austan, alls 13x10 m að stærð. Austar og neðar en þessar tóftir eu dældir í hólinn sem liggja N-S og gætu verið mannvirkjaleifar. Í athugasemdum við örnefnalýsingu Hóla segir Garðar Jakobsson: "Ég sé, að Páll skrifar Valdys, en ég held, að við Hólafólk höfum ávallt sagt Valdís, sem sagt nafn á konu, ..." Torf var rist í Valdísarmýri, sem er neðan við hólinn og þótti þar vera góð velta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: DI V, 177-78; JÁM XI, 185; Ö-Hólar, 7; Ö-Hólar aths+viðb, 1; Garðar Jakobsson: Eyðibýli í Reykjadal, 104-105.

SP-270:013 varða

65°43.234N 17°22.635V


"Neðarlega í hlíðinni, upp af Nautholtsmýri, er dálítið holt og yzt á því melur með vörðubroti, og heitir það Nautholt." segir í örnefnalýsingu. Melurinn með vörðunni er beint upp af versluninni við Reykjadalabraut og sést vel þaðan, um 170 m frá húsgaflinum. reiðgötur 015 eru fast ofan (vestan) við melinn.

Lítill melur en móar í kring.

Lítill varða, breið í botninn m.v. hæð enda hlaðin úr smáu grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hólar, 8



SP-270:014

Bollastaðir

bæjarstæði býli

65°42.702N

17°22.555V

1712: "Bollastader og Kárastader heita tvö örnefni hjer í landinu framarlega, og sjást nokkur líkindi lítillra girðinga og tóftarústa, samt efast menn að þar hafi bygð verið, þó nöfnin sýnist til þess líkleg. Ekki má þessi örnefni byggja, því þau eru mestöll í hrjóstur komin." segir í jarðabók Árna og Páls.

"Nær Nautholtið [sbr. 013] nokkuð til suðurs, allt að gömlum býlisrústum, sem heita Bollastaðir (er getið í jarðabókum). ([neðanmáls er bætt við:] Í hlíðinni suður

og upp af bæjarústum Bollastaða á upptæk lækur, Bollastaðalækur. Hefur verið bæjarlækur á Bollastöðum og fellur hjá rústunum." segir í örnefnalýsingu. Garðar Jakobsson getur einnig um Bollastaði í grein sinni um eyðibýli í Reykjadal:

"Suðvestur af Hólum rétt neðan við götur [015] og skammt frá þar sem Skógarselsgata sker umræddar götur er fornt eyðibýli, Bollastaðir. Mér virðist þessar rústir muni vera allmikið yngri en Valdys því þær eru ekki eins mikið eyddar og miklu gleggri. Ég undrast það að í peningshúsum þessum og einnig á Valdys sé ég ekki móta fyrir garðagæti þá hafa hrunið það mikið að honum bæði úr þaki og útveggjum að hann leyndist þar undir. Það er óglöggur túngarður í kringum Bollastaði." Bollastaðir eru um 450 m vestan við Þjóðveg, á móts við útihús frá Breiðanesi, um 200 m norðan við merki við Kárhól. Reiðgöturnar 015 liggja fast ofan við túngarðinn. Skörðin eru beint upp af Bollastöðum og sunnar.

Bæjarstæðið er í aflíðandi brekku og er túnstæðið nokkuð bratt. Túnið er nú allt lyngmói en neðan við er smáþýfð mýri. Allt í kring er vel gróið mólendi.

Grein Garðars Jakobssonar fylgir teikning af bæjarrúst og útihúsi á Bollastöðum. Bæjarrústin er sýnd þrískipt, alls 10x10 m, eitt langt hólf að norðan, 10x 5,5 m og dyr úr því vestast á syðri langvegg en sunnan við það tvö hús samhliða, 5x4,5 m og 4x4,5 m það austara. Útihúsið er sýnt t'viskipt, alls 14x6 m og telur Garðar að minna og syðra hólfið sé líklega heystæði. Túngarður er að norðan og vestan, 110 m hvor armur en enginn garður virðist hafa verið að sunnan eða austan. Að sunnan rennur Bollastaðalækur meðfram túnu, sem þar syðst er kargaþýft. 3 tóftir sjást og eru þær allar efst í túninu norðantil. Bækartóftin er efst og nyrst. Hún skiptist í 3 hólf, hefur sennilega verið breytt í fjárhús á einhverju stigi málsins. Sunnar eru tvær útihústóftir. Sú efri skiptist í 3 hólf en sú neðri er einföld, mun ógreinilegri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 185; Ö-Hólar, 8; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 105-106.

SP-270:015 *Götur gata leið* 65°42.702N 17°22.555V

"Rétt fyrir utan og ofan Bollastaði [014] skerast Götur og Skógarselsgötur. Götur voru alfaraleið um Reykjadal að vestan, áður en vegur var lagður." segir í örnefnalýsingu. Garðar Jakobsson getur einnig um þessar götur í grein um eyðibýli í Reykjadal: "Það liggja götur frá Breiðumýri og suður Reykjadal, nyrst í brekkulögginni, en þegar kemur suður að Vsl dys hallar þeim upp í brekkuna og liggja síðan suður brekkuna allt suður að Daðastöðum, en beinast þá aftur niður á við. Þetta mun hafa verið alfaraleið þeirra er bjuggu í vestanverðum fram Reykjadal." Götur liggja þvert yfir landareignina uppi í hlíðinni ofan við bæinn, um 100 m ofan við Valdys 012 og fast ofan við túngarðum móa neðst í fjallshlíð. á Bollastöðum 014.

Göturnar eru víða um 20 m breiðar, margir samhliða djúpir skorningar, sumstaðar grónir. Þúfurnar á milli paldranna, eru á pörtum mjög bólgnar, eins og þær séu efnismeiri en umhverfið. Af loftmynd sést að göturnar eru þráðbeinar - en á jörðu virðast þær hlykkjast lítillaga. Á loftmyndinni sýnist líka eins og garður sé þar sem göturnar eru en hans sér hvergi stað á jörðu. Ekki er óhugsandi að garður hafi verið sem nú er gersamlega sundurriðinn. Greinileg hleðsla er undir götunum á einum stað VNV við Valdys 012 en hún virðist ekki vera gömul. Í landi Kárhóls eru göturnar horfnar syðst vegna túnræktar.

Heimildir: Ö-Hólar, 8

SP-270:016 *Skógarselsgötur gata leið* 65°42.702N 17°22.555V

"Rétt fyrir utan og ofan Bollastaði [014] skerast Götur og Skógarselsgötur. ... Skógarselsgötur voru reiðgötur frá Hólum í Skógarsel í Seljadal syðst." segir í örnefnalýsingu. Skógarselsgötur liggja á ská suðvestur og upp í fjallshlíðina og yfir hálsinn um næstsyðsta skarðið. Þær skera Götur 015 rétt norðan við Bollastaði 014.

Við Bollastaði eru Skógarselsgötur 10-15 m breiðar og mjög greinilegar. Þær sjást mjög vel á loftmynd.

Heimildir: Ö-Hólar, 8

SB-270:017 *Skarðavarða* heimild

"Melur, sem ber hæst á milli [Yztaskarðs og Aðalberjaskarðs] heitir Skarðavarða. Er vörðutypri á melnum." segir í örnefnalýsingu. Skarð eru beint upp af merkjum milli Hóla og Kárhóls. Skarðavarða er sunnan við nyrsta skarðið, og því ekki nálægt Skógarselsgötum sem lágu yfir hálsinn mun sunnar, í næstsyðsta skarðinu.

Heimildir: Ö-Hólar, 8

SB-270:018 *Kofahóll* frásögnfjárhús 65°43.283N 17°22.102V

"Hóllinn sem ... íbúðarhús beint vestan Hólabæjar, stendur á, heitir Haughóll. Norðvestur af honum er lægð í túnið, Leyningur og vestan hans lítill hóll, Kofahóll." segir í örnefnalýsingu. Beint norður af Lautum skerst tún till norðurs inn á milli holtanna og er það kallað Leyningur. Túnið er að mestu í botni lægðarinnar en vestanmegin syðst hefur það verið ræktað upp á ávalann hól. Sunnan við hann er Hólshúshóll og rennur bæjarlækurinn á milli. Norðan við hól þennan er túnflöt þar sem Leyningur sveigir til vesturs. Kofi var uppi á þessu ávala hól, syðst. Hann hefur verið um 90 m vestur af norðurenda bæjarins 001 og um 40 m VNV af Hólshúsum.

Nú tún. Ofan við eru grasi gróin holt sem eru nú orðin athafnasvæði. Lækur rennur um 10 m sunnan við kofastæðið.

Um 1920 var tóftarbrot á þessum stað og var það sléttað laust eftir 1940.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 9

SB-270:019 *Litlahesthús* heimild um hesthús 65°43.269N 17°21.972V

"Hóllinn, sem Lautir standa á, heitir Hesthúshóll. Á honum var Litlahesthús." segir í örnefnalýsingu. Hesthúshóll er um 40 m VSV af bænum 001. Uppi á honum stendur nú íbúðarhúsið Lautir, en hesthúsið var rifið þegar það var byggt 1947.

Íbúðarhús á steiptum sökklí, aðkeyrsla norðanmegin, en garður í kring að sunnan og austan. Tún í kring.

Litlahesthús rúmaði tvo hesta og var heystæði sunnan við það, garður hlaðinn í mjaðmarhæð. Notað sem hesthús fram undir 1940 en eftir það sem reykhus þar til það var rifið 1947.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 9

SB-270:020 *Hólshús* heimild um fjárhús 65°43.259N 17°21.997V

"Ofan Lauti er brött brekka upp á háan hól, sem ekki ber þó mikið af landinu á bak við hana, Hólshúshóll, og á honum fjárhús, Hólshús." segir í örnefnalýsingu. Hólshús voru uppi á háum hól um 100 m vestan bið bæinn 001, og heldur sunnar þó, og um 60 m vestur af Lautum (sbr. Litlahesthús 019). Þar standa nú steipt gjárhús með hlöðu aftan við og steipt fjós áfast að sunnan. Hólshús voru þar sem fjárhúsið er nú.

Hár hóll með brattri brekku að austan en sléttlendara að vestan. Áður í túnjaðri, nú byggingar og athafnasvæði.

Hólshús voru þrjú fjárhús sambyggð og samfelld hlaða aftan við. Samtals rúmuðust 90 kindur í þessum húsum. Garðar voru eftir miðju í hverju húsi. Hlaðan var mikið niðurgráfin að vestanverðu en gólf hennar hækkaði til austurs. Torfhlaðið en 3 burstir

snéru í austur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 9

SP-270:021 *Stórahesthús* heimild um hesthús 65°43.220N 17°21.829V

"Beint suður frá Lautum á lítilli hæð var Stórahesthús og ofan við það flati í túni, Hesthúsflöt." segir í örnefnalýsingu. Stórahesthús var um 130 m beint suður af Lautum og 80 m austur af Stórhúsum. Þar er flatur höll í túninu sem sést vel frá bæ, og ber þar í spennuvirki sem er um 30 m sunnan við.

Í túni.

Stórahesthús tók 3 hesta. Það hefur verið sléttað undir tún en uppi á hólnum sjást þó hvompur á um 15x10 m svæði. Um 20 m vestan við suðurenda Stórahesthúss voru óljós tóftabrot sem Garðar Jakobsson man eftir - þar er nú rennslétt tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 9

SP-270:022 *Miðhús* heimild um fjárhús 65°43.200N 17°22.006V

"Suður og niður af Hólshúshóli var Miðhúshóll, og á honum fjárhús, Miðhús. Á milli þessara hóla var Miðhúslaut." segir í örnefnalýsingu. Miðhús voru um 25 m austur af norðurenda Stórhúsa og um 80 suður af Hólshúsum, 40-50 m VNV af Stórahesthúsi. Á þessum stað er nú hólbunga í túninu og liggur vegarslóði eftir henni neðan af Kvíhóli og suður á túnin.

Áúr tún, nú túnjaðar og vegarslóð.

Miðhús voru 30-40 kinda hús. Hlaða var sambyggð að vestan og stóð hún frn yfir 1950. Fjárhúsin voru hrunin mun fyrr og stóð hesthús um skeið á rústum þeirra. Ekkert sér nú til byggingaleifa á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 9

SP-270:023 *Kárastaðir* heimild um býli

1712: "Bollastader og Kársstader heita tvö örnefni hjer í landinu framarlega, og sjást nokkur líkindi lítillra girðinga og tóftarústa, samt efast menn að þar hafi byggð verið, þó nöfnin sýnist til þess líkleg. Ekki má þessi örnefni byggja, því þau eru mestöll í hrjóstur komin." segir í jarðabók Árna og Páls. Um Kárastaði segir Garða Jakobsson í grein um eyðibýli í Reykjadal: "Í brekkulögginni suð-suðvestur af Kárhólum voru rústir eyðibýlis, og voru þær miklu ógleggri en Bollastaðarústirnar, enda á miklu rakari stað að því leyti gætu þær verið frá svipuðum tíma en ég tel að valdys hafi fallið mikið fyrr úr byggð. Ingi Tryggvason fyrrum bóndi á Kárhóli sléttaði yfir Kárastaða rústirnar."

Heimildir: JÁM XI, 185; Garðar Jakobsson, Eyðibýli í Reykjadal, 107.

SP-270:024 mannabein legstaður 65°43.281N 17°21.839V

Árið 1924 var unnið við vegarlagningu í hólum austan við Hólabæ og komu þá í ljós mannabein, nokkrar beinagrindur og man Garðar Jakobsson eftir að hafa séð 3-4 hauskúpur á bakkanum. Þessi vegur er nú heimkeyrslan að Hólum. Á henni er ristarrhlið um 50 m austur af bæjarstæðinu 001 en vestan við það hefur verið grafið í hólinn fyrir veginum á um 20 m kafla og virðist sem allmikið efni hafi verið tekið úr honum. Á ljósmynd frá um 1930 sést að þá hefur vegurinn legið um rás, eins og traðir, í hólinn á 20-30 m kafla, en suðurrhliðin er nú horfin og mögulega hefur hólinn lækkað nokkuð. Garðar Jakobsson getur um þennan fund í grein um eyðibýli í


Reykjadal: "Talið er að kirkja hafi verið í Hólum, en þá líklega í kaþólskum sið og víst er það að beinagrindur nokkrar fundust þegar ruddur var vegur að Laugum þegar þar voru fyrstu byggingaframkvæmdir ..."

Malarhóll, gróinn að vestan en gróðurlaus að austan og sunnan.

Beinin komu upp vestan í hólnum og telur Garðar Jakobsson að þær gæti hafa mótað fyrir hleðslu en haugur var borinn á þennan stað í fyrri tíð og ummerki því ekki glögg. Kristján Eldjárn mun hafa komið að Hólum og gert athugun á grafreitnum. Síðan 1995 hafa mannabein blásið fram í rofabarði í hólnum, norðan við veginn, og hefur þeim verið safnað saman og haldið til haga. Ekki er vitað hvar varð um beinin sem í ljós komu 1924 en saga er til um að einum lærleggnum hafi verið hent í Reykjadalssá. Nóttina eftir kom maður í draumi til þess sem leggnum hafði kastað og kvartaði yfir að honum væri kalt á fætinum. Engir gripir hafa komið í ljós á þessum stað og hefur verið álitnið að beinin væru úr kristnum grafreit. Bænhús var á Hólum á 15. öld og gæti það hafa staðið á þessum stað eða í Kirkjulaut 005.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Garðar Jakobsson: Eyðibýli í Reykjadal, 105.



SP-270:025 *Stekkjareyri* tóft stekkur
65°43.582N 17°21.771V

"Sunnan Barðs taka graseyrar við á ný, nyrst Stekkjareyri, þá Krókeyri ..." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft er yst á Stekkjareyri, austanundir Barði og hefur tún verið ræktað upp að henni að austan. Túnið endar í spíss um 10 m norðan við tóftina. Hún er um 20 m frá Reykjadalssá og 20 m austan við vegarslóða uppi á Barði.

Tóftin er í bekkufæti. Slétt eyri er austan við, nú tún, og á þar austan við. Vestan og ofan við eru lyngmóaholt og er þar hafin trjárækt.

Réttartóftin er skýr, með dyr á suðurgafli, en króin aftan við er alveg full af jarðvegi og er innanmál hennar óglögg af þeim sökum. Að mestu gróin en þó glittir í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólar, 4

SP-270:026 garðlag

65°43.399N 17°22.959V

"Nokkurn spöl suðvestur af Valdys er lág í brekkuna og yfir hana hefur verið hlaðinn garður töluvert greinilegur og er hann ekki í nokkrum tengslum við aðra garða og snýr frá suðaustri til norðvesturs, helst dettur mér í hug að þetta sé vegur til að reka sauðfé eftir og koma því í hæðirnar ofan við þegar snjóþynglsi voru. Enn þá er það Hólabóndi sem notar þennan garð." segir í Garðar Jakobsson í grein um eyðibýli í Reykjadal. 250 m langur garður liggur í NA-SV ofan við íbúðarhúsabyggðina við Reykjadalssbraut. Garðurinn byrjar að SV um 170 m norðan við vörðun 013 og liggur síðan þvert á göturnar 015 (þar er allbreitt skarð í garðinn) og þaðan í sveig vestur fyrir gróinn melhól sem er VSV af Valdys.

Um gróna lyngmóa.

Garðurinn er um 5 m breiður þar sem hann er mestur, en víðast 3-4 m. Hann er skýrastur norðantil, sunnan og vestan í melhólnum og þar er hann um 0,5 m hár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Garðar Jakobsson: Eyðibýli í Reykjadal, 105.

SP-270:027 garðlag 65°43.640N 17°22.553V

"Í norður frá Hólum er dalverpi sem Torfdalur heitir og nær norður að merkjum. Norðan til í vesturbrekku dalsins er töluvert greinilegt garðbrot eða beint niður af Valdys. Þó hygg ég að þær framkvæmdir hafi fremur tilheyrt Hólum en hjáleigunni." segir Garðar Jakobsson í grein um eyðibýli í Reykjadal. Um 70 m sunnan við merki við Breiðumýri, neðan við þjóðveginn, austan við norðurenda Valdysargarðs (012), er garðlag sem liggur A-V upp í brekkuna, alls um 80 m langt. Við austurenda virðist það sveigja til norðurs eða norðausturs en ekki er hægt að rekja það nema nokkra metra í þá átt.

Í grasmóa. Stefnan á þessum garði og hornið á austurendanum mæla á móti því að hann sé landamerkjagarður. Samhliða þessum garði er annar, rúmum 100 m norðar í Breiðumýrarlandi og má vera að þeir séu norður og suðurhlið í gömlu gerði við merkin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Garðar Jakobsson: Eyðibýli í Reykjadal, 105.

SP-270:028 heimild um landamerki 65°43.750N 17°22.700V

Í sölubréfi Hóla frá 14.5.1459 kemur fram að merkinn við Breiðumýri eru um garð "sem geingur firir utan Holagerde ... uestur i Kuijndisdalsä. og austur i Rejkjadalsä." DI V, 177-78. Garðar Jakobsson segir að sumstaðar hafi mátt sjá votta fyrir þessum garði, og jafnvel fleiri en einum samhliða. Þegar núverandi merki voru sett var miðað við eitt af þessum garðlögum.

Að mestu um móa.

Garðurinn sést nú hvergi skýrt - a.m.k. ekki Reykjadalsmegin, en aðstæður til yfborðskönnunar voru ekki góðar er skráð var í nóvember 1999.

Heimildir: DI V, 177-78

SP-289 Litlu Laugar

20 hdr. 1712. Konungsjörð. 7.6.1528 selur Þórarinn Steindórsson Jóni Arasyni Hólabiskupi Ytri og Syðri Laugar í Reykjadal - DI IX, 454-55. 25.12.1550 eru Laugar "j vede. og þeir eru anduirdi Eyjar. og heyra med rietu til Hola kirkiu eda kongi." DI XI, 880. 27.2.1552 gefur Ormur Sturluson lögmaður Þórð Pétursson kvittan er hann seldi Jóni Arasyni Laugar í Reykjadal fyrir 26 hdr - DI XII, 344. 25.5.1560 eru Stóru Laugar seldar: "En landamerki i milli lithlv Lauga og Storu Lauga i gardinn fyrir sunnan stora stein." DI XIII, 487. 1929 var Laugaból byggt úr hálfu landinu, en Laugafell var stofnað á hluta jarðarinnar 1943. Þá hafa skólarnir eignast lóð á nyrsta hluta jarðarinnar, milli Bæjarlækjar og merkja við Stóru Laugar. Enginn búskapur er á sjálfum Litlu Laugum síðan fyrir 1985.

SP-289:001 Litlu Laugar bæjarhóll 65°43.211N 17°21.203V

"Bærinn á Litlu-Laugum stendur á hjallabrún nokkurn spöl frá Reykjadalssá, en skammt frá hlíðarfæti dalbrekkunnar, og stendur bærinn, þar sem hjallinn er hæstur. Framan við bæinn í hjallabrekkunni var Varpinn. Þar var gamall öskuhaugur og rofmoldardyngjur. Þegar ég kom fyrst í Litlu-Laugar (1913) var Varpinn víða grafinn. Var þar tekin aska og rofmold til íburðar í peningshús. Nú er búið fyrir allöngu að ryðja til í Varpanum og slétta, en túnbrekkann, þar sem Varpinn var, heitir



landamerki 002

Garður 020

Snjógil
Miðrindi

Kviakinn 015

vallargarður 022

Grænigeiri

Hábunga

Hábungulaut

forntúnstæði

Paradís

Viti

lóð Laugaskóla

Litlu Laugar 001

Höll

Udrvöllur

H A L
LITLULAUGAMÝRAR
Breiðanes

Stóristeinn

Hólaveigar

Skiphöll 008

Sundpollur 009

Messuvað 006

Stekkjarkholt

stekkur 006

Sorthólsdý 008

Stekkjareyri

Krókeyri

Myllueyri

stureyri

stekkir 004

Barð

Hólavað 007

Sorthóll

MIÐMÝRAR

Stekkjarlaut

Krókur

Langihryggur

mógrafir 002

Leirtjörn

Syðritjörn

Flesja

Torfdalur

Kirkjullaut

tóft 005

reiðgötur

Hólar 001

forntúnstæði

Leyningur

mógrafir 007

Sund

Engilág

Kvíhólsmýri

Langholt

Nautholtismýri


Vallmór

garðlag 027

HÖLL

TÓFT

merki við Kárhól




enn Varpi. Milli Varpans og bæjar var hlaðið og bæjarstétt næst bænum." segir í örnefnalýsingu. Bærinn stendur allhátt í brekkunni, á hjallabrun, sunnan við barnaskólann á Laugum. Vestast á bæjarstæðinu stendur nú steinhús með 3 burstum. Sú syðsta er elst, byggð 1926.

Trjágardur er austan og sunnanmegin við bæinn, malarvegur vestanvið en tún norðan við. Bæjarlækurinn rann áður fast upp við bæinn að norðan en hefur nú verið færður og rennur nú í skurði um 30 m norðan við bæinn.

Lítilsháttar hólmyndun sést að norðan, um 1,5 m há en að öðru leyti virðist bæjarhóllinn vera flatur. Gömul baðstofa stendur enn aftan (austan) við steinhúsið. Hún er 8 x 3,7 m að stærða að innanmáli og er torfveggur að austan sem að mestu hefur verið rifinn. Torfpak er á húsinu en það er ekki bratt (um 30°). Norður og vesturhliðar hafa verið klæddar bárujárn til að hlífa húsinu eftir að það lagðist í eyði, og er járn

m.a. fyrir glugga á austurhlið. Upprunaleg timburklæðning sést enn á suðurgafli. Norðarlega á vesturhlið eru dýr þar sem göngin komu að baðstofunni en þau tengdu hana og bæjardýr sem lengi stóðu norðan við steinhúsið sem fyrst var byggt (1926). Um 5 m eru milli baðstofunnar og steinhússins og var ekki hús eða herbergi í því sundi á því tímabili sem bæjardýr og baðstofa voru notuð með steinhúsinu. Hinsvegar var gluggalaus kofi norðan við göngin, sennilega milli þeirra ganga í nyrðri baðstofu. Fjós er undir baðstofunni og eru dýr í það nyrst á vesturhlið, norðan við dýrnar í baðstofuna og hefur væntanlega verið gengt þangað niður úr göngunum. Baðstofan sjálf er öll timburklædd og skiptist í tvö jafnstór herbergi með millivegg og eru dýr með hurð á honum. Gluggar eru tveir, einn norðantil á austurhlið og annar á suðurgafli. Úr syðra herberginu var hægt að fara niður í fjósið um hlera á gólfinu. Á fjósinu eru tvö gluggaop á suðurgafli. Fjósið er grjóthlaðið, um 1,7 m undir trégólf baðstofunnar. Baðstofan er orðin hrörleg, gat er komið á þakið syðst austanmegin og torf liggur víða á tréverki sem á þeim stöðum er orðið fúíð og stóðir og bitar sumstaðar lausir. Þar sem fúí er ekki er tréverkið hinsvegar alveg heilt og furðulítið gamallagt. Þessi baðstofa var byggð í þeirri mynd sem hún er nú eftir að Sigurjón Friðjónsson kom til Litlu Lauga 1913. Norðan við baðstofuna er grunnur undan annari baðstofu, líkri að stærð en heldur minni (7 x 3,5 m). Undir henni var einnig fjós en tóftin er nú full af mold en hleðslur sjást greinilega. Önnur göng lágu í hana



Kort 4. Minjastaðir í túni á Litlu-Laugum

frá bæjardyrum sem munu hafa verið allstórt hús, og var ekki innangengt á milli baðstofanna. Úr þessu nyrðra fjósi var ranghali til norðurs og sést í hleðslur í útganginum. Lítið þil var þar sem dyr voru á ranghalanum fast á bakka Bæjarlækjarins og er mögulegt að læknum hafi í eina tíð verið veitt inn í ranghalan. Í honum var pláss til að geyma heypoka eða tvo. Aðrar dyr hafa verið á fjósinu norðarlega á vesturhlið en þær voru ekki notaðar á þessari öld. Sunnan við baðstofuna sem enn stendur er hlaðinn kantur sem nær um 6 m suður frá baðstofugafli og 2 m í vestur. Þetta gæti verið undirstaða undir hús en nú er þar pallur og á honum nokkur stæðileg tré. Bæjarhóllinn er a.m.k. 30 m langur frá norðri til suðurs og ekki minna en 20 m frá austri til vesturs, en hólmyndun sést eingöngu að norðvestan. Kjallari er undir steinhúsinu öllu, og er hann grafinn niður a.m.k. 1 m og sennilega meira.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 2-3; Túnakort 1917

SP-289:002 heimild um landamerki 65°43.447N 17°21.058V

"[Frá Stórasteini] lágu merkin upp hlíðina, skammt sunnan við þvottalaug sem var í Stóru-Laugalandi, en er nú í Laugavallalandi, og nokkurn spöl norðan við Garð, sem var afgirt garðland í landi Litlu-Lauga. Þarna í hlíðinni sáust leifar af gömlum merkjagarði, þegar ég man fyrst eftir (um 1913). Laust eftir 1920 var girt milli Litlu-Lauga og Stóru-Lauga og merkjalínan þá gerð bein. Færðust merkin þá ofurlítið norður, niður við ána og upp að Stórasteini, og liggur nú upp svonefndan Hólateig, sem var engjateigur syðst í landi Stóru-Lauga og kenndur við Hóla í Reykjadal." segir í örnefnalýsingu. Eyvindur Áskelsson á Laugafelli telur að garðurinn hafi einnig sést neðan við Stórastein en nú er hann horfinn með öllu. Hann lá heldur sunnar en merkin eru nú neðan við Stórastein en gæti hafa verið norðar ofan við hann. Neðan við Garð 020 hefur nær allsstaðar verið mikið rask á merkjunum. Nokkur hús standa þétt við þau, tré hafa verið gróðursett og móaflatir sléttaðar. Skurður er nú á merkjunum og vírgirðing á uppmokstrinum norðan við hann - og nær hann allt upp að heimreiðum að efstu íbúðarhúsunum. Ofan við þessi hús er hinsvegar ekki neitt sýnilegt rask; þar er stórþýfður grasmói en engin merki sjást þó um garðinn. Ofan við Garð 020 er trjárækt Litlu Laugamegin fast að merkjunum.

Þessi garður gæti hafa tengst vörslugarðinum 022

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 1

SP-289:003 heimild um landamerki

"Að sunnan voru merki áður móti Hjalla um Merkjalæk og Merkjagil og þaðan bein lína eftir vörðum austur að Þverárlandi." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 2

SP-289:004 *Paradís* heimild um útihús

"Í túninu spölkorn suður og upp frá Víti hét Paradís. Þar mun áður hafa staðið húskofi, og hefur hann e.t.v. heitið Paradís. Þegar ég þekkti fyrst til, var þarna tóftarbrot og hét tóftarbrotið og túnið í kringum það Paradís. Nú er búið að ryðja þarna til og slétta ..." SSA af Götuhúsum var tóft á dálitlum hól í mýrinni sem merkt er á túnakorti frá 1917.

Ekkert sést nú til þessa mannvirkis

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 3

SB-289:005 *Hesthústún* örnefni hesthús

"Í túninu suður og niður frá L.-Laugum, syðst í gamla túninu, hét Hesthústún. Þar hefur líklega áður staðið hesthús, en lítil merki sáust þess, þegar ég kom í L.-Laugar. [1913] ... Efst í Hesthústúni standa nú peningshúsin frá Laugafelli." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 3-4

SB-289:006 *Kirkjuvað* heimild um vað 65°43.246N 17°21.547V

"[Bæjarlækur fellur] í Reykjadalssá, beint niður frá bænum. Þar var vað á ánni og hét það Kirkjuvað. Þegar Krikjuvað var farið frá L.Laugum var riðið út í ána sunnan við lækjarósinn og stefnt norður í eyri, sem þar var í ánni. Úr eyrinni var síðan riðið suðvestur á árbakkann Hólamegin. Þarna breiddi áin úr sér og var jafnan reið í vatnavöxtum. Venjulega var áin riðin norðar, þegar farið var frá L.-Laugum vestur yfir ána." segir í örnefnalýsingu. Kirkjuvað var þar sem Bæjarlækurinn rennur í Reykjadalssá, beint niður af barnaskólanum, um 150 m suður af ípróttahúsi.

Áin breytir sér ört og nú er þetta vað ekki öðrum fremra en víðast hvar er hægðarleikur að komast yfir ána á hestum.

Til skamms tíma var notað vað sem var um 150 m sunnar, en áin hefur nú líka breytt sér þar.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 4-5

SB-289:007 *Hólavað* heimild um vað 65°43.274N 17°21.748V

"Venjulega var áin riðin norðar [en á Kirkjuvaði sbr. 006], þegar farið var frá L.-Laugum vestur yfir ána. Var þá farið, ef ekki var mikið í ánni, á Hólavaði, en það var þar, sem brúin við laugar er nú." segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur sennilega verið norðan við brúna en þar er áin heldur breiðari.

Um 10 m norðan við brúna er áin um 15 m breið og nokkuð jafndjúp.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 5

SB-289:008 *Skipphóll* örnefni 65°43.379N 17°21.633V

"Norðan við Beinategig, niður við ána, var og er allhár melhóll, gömul skriðjökulsýta. Sá hóll hét Skiphóll ... Árið 1924 var Laugaskóli ... reistur á Skiphól. ... Sunnan við Skiphól var bátлага hvilft. ... Árið 1929 var Húsmæðraskólinn á Laugum reistur. Skólahúsið stendur einnig á Skiphól, sunnar en hús Laugaskóla, á hólrimanum austan Skólatjarnar." segir í örnefnalýsingu. Í viðbót við lýsingunni er nánari lýsing: "Hóllinn er hæstur nyrzt og endaði þar í allhvössu nefi, og var allbratt norður af hólnefninu niður í lægð, sem var norðan við hólinn, og eins var bratt af hólnum þar til beggja hliða, niður að Reykjadalssá að vestan, en niður í áðurnefnda lægð að austan. Hólnefnið líktist því nokkuð skipsstefni að sjá frá norðri. Hóllinn breikkaði suður frá hólnefninu, og suður frá honum, þar sem hann hafði náð meiri breidd, gengu tveir melhryggir sinn hvoru megin við hvilftina, ... Þessir melhryggir voru líkir að hæð miðað við lárétta línu og lágu nokkuð samhliða og enduðu báðir 50-60 metra suður frá háhólnum, en suður frá þeim lá Beinategurinn, og var hvilftin opin suður í Beinategiginn, áður en stíflugarður var hlaðinn milli melhryggjanna ... Þegar horft var til Skiphóls suðaustan frá, t.d. frá bænum á Litlu Laugum, sem stóð nokkru hærra en Skiphóll, þá sá vel yfir hólinn og lægðina suður frá háhólnum og melhryggina beggja megin við lægðina. Þegar horft var á þessa náttúrusmíði frá þessu sjónarhorni, þá minnti það á skip. Háhóllinn með hið hvassa nef minnti á stefni, melhryggirnir á borðstokka og hvilftin á milli þeirra á skipsrými. Á þetta skip vantaði þó skutinn, því að opið var supur úr hvilftinni ... Ég efast ekki um það að nafn hólins er dregið af

lögum hans." segir í viðbótum við örnefnaskrá
Skiptíð er allt að 8 m hátt að vestan og er hæstur þar og norðanmegin. Hann er ekki minna en 100 m á hvora hlið og hefur verið hæstur að norðvestan en breiðastur að sunnan og hefur hann fjarað út til suðurs. Í hann að sunnan hefur verið allstór dæld og var þar gerður sundpollur 009, nú Skólatjörn. Hóllinn hefur því verið U-laga. Hann hefur tekið allmiklum breytingum vegna byggingaframkvæmda, verið lækkaður og hliðar hans sléttaðar.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 5-6; Ö-Litlu Laugar viðb, 11-12

SP-289:009 *Sundpollur* heimild um sundlaug 65°43.315N 17°21.596V

"Sunnan við Skiphól var bátлага hvilft. Um eða fyrir aldamótin 1900 var hlaðinn torfgarður þvert yfir hvilftina sunnanverða og laugalækjum ofan úr hliðinni veitt í hvilftina. Þarna myndaðist þá tjörn með ylvolgu vatni. Þarna var kennt sund á námskeiðum í mörg ár. Í daglegu tali var þessi tjörn kölluð Sundpollurinn eða Litlu-Lauga sundpollur, og staðurinn þar sem sundpollurinn var, var jafna kallaður Sundpollur, þó ekkert vatn væri í pollinum, sem oftast var, nema meðan sund var kennt, sem helzt var á vorin. Eftir að Laugaskóli var reistur, var tjörnin stækkuð og löguð til, og er nú jafnan nefnd Skólatjörn." segir í örnefnalýsingu. Þar sem sundpollurinn var er nú stór tjörn með 2 hölmum, milli Laugaskóla og yngra íþróttahús en eldra íþróttahús og húsmærðaskóli eru á austurbakka tjarnarinnar. Húner um 80x40 m að stærð og hefur sundpollurinn án efa verið mun minni.

Allt umhverfi tjarnarinnar hefur verið lagað til, tré gróðursett á bakkanum og hliðar Skiphóls sem vita að tjörninni sléttaðar.

Hvergi sjást merki um fyrirhleðslu eða lækjarveituna.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 6

SP-289:010 *Lækjarhús* heimild um fjárhús 65°43.234N 17°21.196V

"Norðan Bæjarlækjar, skammt norður frá bænum og aðeins ofar, var fjárhús, sem hét Lækjarhús." segir í örnefnalýsingu. Bæjarlækurinn hefur nú verið færður til norðurs, norður fyrir staðinn þar sem Lækjarhús stóðu. Þau voru innan við 20 m norðan og austan við NA horn bæjarins sem enn sést sbr. 001.

Túnskiki milli bæjarhúss og afleggjara að sumarbústað sbr. 012 og er hann á bakka skurðar sem Bæjarlækur rennur nú í. Húsið var áður í túni, í jaðri bæjarhóls en l'kur rann á milli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 6; Túnakort 1917

SP-289:011 *Gerðishús* heimild um fjárhús 65°43.277N 17°21.066V

"Norðar og ofar á túninu [en Lækjarhús 010] voru tvö fjárhús með lítilli hlöðu milli. Þau hús hétu Gerðishús og eru nú horfin. Túnið í kringum húsin hét Gerðistún. ... syðra hús barnaskólans (reist 1965) er neðan við Gerðistún, rétt ofan við Skollatungu" segir í örnefnalýsingu. Gerðishús voru í brekkunni ofan við sparkvöllinn sem er ofan við syðra hús barnaskólans á Laugum, beint neðan við kjaftinn á litlu lækjargili sem síðan rennur í bæjarlækinn, ívið ofar en beint norður af Stórhúsum 012, um 70 m frá þeim og um 120 m frá bæjarhól 001.

Slétt túnflöt ofan við sparkvöll. Brekkunni var allri rutt niður er völlumurinn var gerður og er örvænt um að nokkuð sé eftir af mannvirkjaleifum á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 6-7; Túnakort 1917

SP-289:012 *Stórhús* heimild um fjárhús 65°43.223N 17°21.052V

"Ofan við bæinn, sunnan Bæjarlækjar, efst á túninu, var fjárhús og hesthús og heytóft á milli. Þau hús hétu Stóruhús." segir í örnefnalýsingu. Stórhús voru þar sem nú er sumarbústaður um 110 m austan og ofan við bæjarhól 001. Húsin náðu lengra til bæði norðurs og suðurs en sumarbústaðurinn, a.m.k. 5 m til suðurs.

Húsin hafa staðið á hólbungu efst í túni og Bæjarlækur fallið skammt norðan við. Nú er sumarbústaður á hússtæðinu og ræktaður garður í kring - trjárækt ofan við.

Hesthúsið var syðst í röðinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 7

SP-289:013 *Götuhús* heimild um fjárhús 65°43.206N 17°21.035V

"Skammt suður frá [Stórhúsum 012] voru tvö fjárhús sambyggð með hlöðu bak við. Þau hétu Götuhús, kennd við reiðgötu, sem lá frá bænum rétt sunnan við húsin og áfram upp dalbrekkuna upp á heiðina." segir í örnefnalýsingu. Nánari lýsing er í viðbótum Áskels Sigurjónssonar við lýsinguna: "Þarna í vinkilbeygjunni [á túngarðinum 022], sem fjær var brekkunni, stóðu peningshús (fjárhús), þegar ég kom hingað í Litlu-Laugar 1913, og stóðu allengi eftir það. Þau hétu Götuhús og voru kennd við reiðgötu, sem lá frá bænum upp túnið til heiðarinnar, og lá gatan rétt sunnan við Götuhúsin ... Götuhúsin voru, þegar ég kom hingað, tvö sambyggð fjárhús og sneru dyrum og stöfnum í vestur (þ.e. frá brekkunni). Bak við fjárhúsin var þurrheyshlaða, og sneri ris hennar þvert á ris fjárhúsanna. Þessi hús voru öll með veggjum úr torfi og grjóti og með torfpaki ... orðin fornleg, þegar ég man fyrst eftir. Þessi hús höfðu verið byggð þannig, að norðurveggur þeirra var í gamla vallargarðinum, þar sem hann lá í vestur frá heiðarbrekkunni, en framstafnar húsanna voru í sömu línu og vallargarðurinn, þar sem hann lá suður frá vinkilbeygjunni, sem áður er getið. Líklegt er, að hlið hafi verið á vallargarðinum sunnan við húsin, þar sem reiðgatan lá, en ummerki um það voru horfin." Götuhús voru á hólbungu efst í túninu, 40-50 m sunnan við Stórhús og 10-20 m neðar en á móts við það. Breið hólbunga í túni, slétt að ofan.

Af lýsingu á vörslugarði 022 að dæma hefur Götuhús verið byggð við hann en á túnakorti frá 1917 er túnjaðar sýndur austar og sá garðbútur sem nú sést virðist hafa heldur of austarlega stefnu til að hafa getað tengst þessu húsi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 7; Ö-Litlu Laugar viðb, 20-21.

SP-289:014 heimild um leið

"Þau hétu Götuhús, kennd við reiðgötu, sem lá frá bænum rétt sunnan við húsin og áfram upp dalbrekkuna upp á heiðina." segir í örnefnalýsingu. Bíslóð liggur nú í sneiðing upp brekkuna til norðausturs ogan við Götuhús. Hann liggur upp að Garði 020 en grein liggur líka upp á heiðina. Slóðin er sennilega á svipuðum stað og göturnar voru. Þær hafa þá legið upp túnið sunnan við Götuhús og sveigt síðan til norðurs á ská upp brekkuna sem er allbrött á þessum stað.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 7

SP-289:015 *Kvíakinn* örnefni kvíar

"Ofan við túnið, suður og upp frá bænum, neðst í heiðarbrekkunni heitir Kvíakinn. ... Nú er þar skógræktarreitir afgirtur frá Laugafelli og L.-Laugum" segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við hana segir enn fremur: "Þegar ég, ..., fluttist hingað að Litlu-Laugum árið 1913, þá voru hér engar kvíar og engar kvíar og engin mannvirki

sýnileg hér heima við bæinn, sem talað var um sem menjar um kvíar. Ekkert örnefni man ég til ég heyrði, sem tengt var fráfærum annað en Kvíakinnina. Í Kvíakinninni sjálfri sáust engar rústir eftir mannvirki. Hún var þurrind hlíðarkinn, vel gróin vallendisgróðri. Þar sáust hinsvega greinilega fjárstígar, sem lágu skáhallt suður og upp til heiðarinnar. Þessir stígar voru grónir grasi, þegar ég kom hingað, og auðséð var, að sauðfé hafði ekki runnið eftir þeim daglega undanfain ár. Ég efast hinsvegar ekki um, að þessir stígar voru eftir kvíær, sem þarna höfðu runnið að og frá kvíum fyrir á tímum."

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 7; Ö-Litli Laugar viðb, 13-14

SP-289:016 heimild um leið

"Ofan við túnið, suður og upp frá bænum, neðst í heiðarbrekkunni heitir Kvíakinn. Þar voru götur og fjárstígar í vallendisbrekku. Nú er þar skógræktarreitir afgirtur frá Laugafelli og L.-Laugum." segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við hana segir enn fremur: "Í Kvíakinninni sjálfri sáust engar rústir eftir mannvirki. Hún var þurrind hlíðarkinn, vel gróin vallendisgróðri. Þar sáust hinsvega greinilega fjárstígar, sem lágu skáhallt suður og upp til heiðarinnar. Þessir stígar voru grónir grasi, þegar ég kom hingað, og auðséð var, að sauðfé hafði ekki runnið eftir þeim daglega undanfain ár. Ég efast hinsvegar ekki um, að þessir stígar voru eftir kvíær, sem þarna höfðu runnið að og frá kvíum fyrir á tímum."

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 7; Ö-Litli Laugar viðb, 13-14

SP-289:017 *Litli-Bæjarhóll* heimild um leikvöll

"... rétt ofan við Kvíakinn eða efst í henni er annar melhóll, sem kallaður var Litli-Bæjarhóll, en það mun vera ungt örnefni. Á litla-Bæjarhól höfðu börnin á L.-Laugum og Laugafelli búskap sinn, en þó öllu fremur á lítilli hólbungu aðeins norðar, sem þau nefndu Perluhól, en þar óx mikið af vorperlu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 7

SP-289:018 *Ytra-Vörðutyppi* heimild

"Suður og upp á Brúnum voru Ytra- og Syðra-Vörðutyppi. Syðra-Vörðutyppi var á svonefndu Helluholti, en það er suður við Laugabólsmarki." segir í örnefnalýsingu Litlu Lauga. Í lýsingu Laugabóls er það orðað svo: "Norður og upp á brún er holt sem heitir Helluholt og á því var reist varða, sem heitir Syðra-Vörðutyppi. Ögn norðar er Ytra-Vörðutyppi á nafnlausu holti." "Syðra- og Ytra-Vörðutyppi munu tilheyra Litlu-Laugum" er haft eftir Tryggva Sigtryggssyni í athugasemdum við örnefnalýsingu jarðarinnar.

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 8; Ö-Laugaból, 1; Ö-Laugaból Aths.

SP-289:019 *Selás* örnefni sel

"Suður frá Lágafelli eða Fellsenda gengur Selás og nær suður að Klofum, sem nú eru í landi Laugabóls. Selásinn er nokkru lægri en Lágafellið, en er þó á háheiðinni. Vesturhlíð Seláss er nefnd Seláshlíð." segir í örnefnalýsingu Litlu Lauga. Í örnefnalýsingu Laugabóls er einnig sagt frá Selási: "Hæsti ásin á heiðinni heitir Selás. ... Sunnar er svæði sem nefnt er Víðrar. Það nær einnig í Hjallaland en er þar nefnt Víðimóar. Það nær og í Þverárland. Seláshlíð er nefnd hlíðin vestan í Selás, og Seltættur eru vestan við Selásinn. Rétt hjá tóftunum er nokkuð stór lækur, sem heitir Sellækur; Hann kemur ofan úr ásum. Norðarlega við ásin er mýrarfláki, sem heitir Flaga og nær norður í Litlu-Laugaland." Í yngri lýsingu örnefna í Laugabólslandi segir svo: "Vestan undir Selási, fremur norðarlega, kemur Sellækur og rennur niður að

Sjónarhólsás og hverfur þar. Ofarlega við Sellæk er Selið. Standa veggir þar furðu greinilegir, en önnur mannvirki ógreinileg."

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 9; Ö-Laugaból, 1-2; Ö-Laugaból 2, 2

SB-289:020 *Garður* gerði kálgarður 65°43.358N 17°20.928V

"Á hjalla í hlíðinni ofan við Hvítabergr er garðland og var áðurfyrr girt garði úr torfi og grjóti. Ekki veit ég aldur þessa garðs, en kartöflur voru ræktaðar þarna nokkru fyrir aldamótin 1900. Á Litlu-Laugum og næsta nágrenni hét garðland þetta Garður, en út í frá var það nefnt Litlu-Lugagarðar. Jarðhiti var í Garðinum og þar áttu laugar upptök sín, og voru þrjár vatnsmestar og báru sérstök nöfn: Syðri-Garðslaug, Ytri-Garðslaug og Einarsstaðagarðslaug. Syðri-Garðslaug og Ytri-Garðslaug voru áður fyrr leiddar í skurðu eða farvegi heim í Bæjarlæk, og var Bæjarlækurinn ylvolgur í þá daga. Nú er Syðri-Garðslaug notuð til upphitunar húsa á L.-Laugum og Laugafelli, en Ytri-Garðslaug og Einarsstaðagarðslaug eru notaðar til upphitunar Laugaskóla. Garðlandið tilheyrði allt Litlu-Laugum, en það var nytjað frá fleiri bæjum gegn leigugjaldi. Hétu garðshlutarnir ýmsum nöfnum og voru kenndir við bæina, sem þeir voru nytjaðir frá, eða bændurna, sem höfðu þá á eligu. ... Nú er hinn gamli vörzlugarður um Garðinn að mestu horfinn, enda hefur honum ekki verið haldið við, en sumstaðar verið rutt um." segir í örnefnalýsingu. Gerður er uppi í fjallshlíðinni um 250 m austan við efstu hús í byggðinni á Laugum og um 50 m hærra. Hann er um 50 m sunnan við merki við Stóru Laugar og er um 150 m frá norðri til suðurs og 50 m frá austri til vesturs. Rétt neðan við NV horn garðsins er stór heitavatnstankur á brekkubrúninni. Enn eru ræktaðar kartöflur á þessum stað, en aðiens í hluta garðsins og mun uppskera hafa dregist saman undanfarin ár.

Áður en ræktun hófst hefur verið deiglendur mói á þessum stað með heitum uppsprettum og djújaveitum. Kartöflugarðurinn hefur verið gerður í brekku sem hallar til VSV og endar á hjalla í brekkunni. Kartöfluræktinni hefur fylgt talsvert rask í garðinum sjálfum og í kringum hann.

Nýlegir garðar eru norðan við kartöflugarðinn. Þar hefur læk verið veitt í skurð, frá garðinum og myndar uppmoksturinn ójafnt garðlag. Allhátt garðlag er einnig fyrir kjafti gilsins við norðausturhorn garðsins, vélgert. Grjóthlaðið garðlag er enn fyrir mestum hluta austurhliðar kartöflugarðsins. Á einum stað norðantil hefur verið grafið frá garðlaginu að innan og þar virðist það vera allt að 3 m hátt, en í raun hefur það víðast verið um 1,5 m hátt og um 2 m breitt, tvöföld grjóthleðsla með fyllingu á milli. Samtals er garðlagið á um 130 m kafla og eru tvö stór vik í það. Vegarslóði liggur upp að garðinum að sunnan og kemur hann upp að garðlaginu þar sem þar fjarar út við suðausturhorn kartöflugarðsins. Slóðin liggur meðfram garðlaginu að austan en opnast svo í gegnum það á miðri austurhlið. Laugaop eru víða í garðinum en þau stærstu eru öll vestast, á brúninni og hefur verið byggt yfir þau öll. Sunnan við kartöflugarðinn, fast austan við vegarslóðina sem liggur að garðinum að sunnan er lítil tóft úr torfi og grjóti. Sennilega kartöflugeymsla frá 20. öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Litlu-Laugar, 10

SB-289:021 *Kjarnagerði* heimild

"Þá er hér sunnar [en Breiðanes] upp við brekkuna gamalt eyðibýli, sem heitir Kjarnagerði. Neðan þess niður við á er Kjarnagerðishvammur. Engjastykki kringum Kjarnagerði og niður að ánni sunnan Breiðaness, var kallað Kjarnagerðisstykki. Niður af Kjarnagerði er Kjarnagerðisflæða ... Í brekkunum upp af Kjarnagerði er Kjarnagerðislækur, og hjallar þar ofar heita Kjarnagerðishjallar." Í yngri lýsingu

örnefna í landi Laugabóls segir svo: "Neðan undir brekkunni, sunnarlega í landi Laugabóls (Breiðaness) er Kjarnagerði. Þarna voru lengi beitarhús, og stóðu þar allmikil veggjabrot, þar til alndið var brotið til ræktunar. Torfgarður var hlaðinn um gerðið og haldið við fram undir lok síðustu aldar. Auk þess vottaði fyrir garði um allmikið stærra svæði, en var að mestu horfinn í mýrina, áður en mýrin var framræst. Á Kjarnagerði var búið nokkur ár seint á síðustu öld. Auk þess virtust þar vera menjar löngu liðinnar búsetu." Mjög var deiglent á þessum stað bæði innan gerðis og utan. Þessar tóftir eru nú alveg horfnar.

Heimildir: Ö-Laugaból, 1; Ö-Laugaból 2, 2

SB-289:022 heimild um vörslugarð

Vörslugarður lá í kringum túnið og raunar miklu stærra svæði. Garðurinn byrjaði á hól neðan og vestan við Liltu Laugabæinn og lá þaðan í sveig til suðurs og síðan austurs og enn síðar til norðurs á móts við Götuhús. Þau virðast hafa verið byggð upp við garðinn en norðan við þau klofnaði hann í tvennt og lá vestari garðurinn yfir að Stórhúsum en sá austari stefnir lengra upp í brekkuna og sést hann þar enn ofan og SA við sumarbústað sem stendur á hússtæði Stórhúsa. Garður þessi er allt að 3 m hár að innan (vestan) enda er hann þar byggður á brún neðst í brekkunni ofan við túnið. Að austan er hann um 1,5 m hár. Hann er um 2 m breiður og sést á um 30 m kafla. Norðan við Bæjarlæk lá garðurinn ofan við Gerðishús en beygði svo upp í brekkuna upp á móts við efsta hluta kartöflugarðsins 020 og tengdist síðan garðinum sem er fyrir austurhlið kartöflugarðsins og síðan í merkjagarðinn 002 og má samkvæmt þessari lýsingu líta á þetta allt sem sama garðinn.

Garðurinn hefur legið um móa í brekku ofan við bæinn og síðan fyrir suðurhlið túnsins en að öðru leyti um óræktuð svæði.

Fyrir utan spottann suðaustan við sumarbústaðinn ofan við Litlu Laugar sést hvergi til þessa garðlags. Áskell Sigurjónsson segir svo frá þessum garði: "Þegar ég kom hingað í Litlu-Laugar vorið 1913, var engin vallargarður hér kringum túnið. Að vísu sáust leifar af túngarði, en hann var löngu fallinn úr gildi og engin vörn í honum lengur. Ekki man ég til þess, að ég heyrði nokkurn tala um þennan forna garð. Hann var orðinn svo þýðingarlaus, að hann var aldrei nefndur á nafn svo ég muni. ... Eins og fyrr segir, sáust leifar af gömlum túngarði hér á Litlu-Laugum 1913, þegar ég man fyrst, hvernig hagaði hér. Reyndar sér enn í dag merki eða minjar um þennan garð, þar sem þurrilent er og jarðvegi hefur ekki verið bylt til. Á köflum eru þó öll merki um hann horfin. ... [Gamla vallargarðsins] sáust einna gleggst merki þarna neðan við þennan Bæjarhólsrinda og neðan við Kviakinnina. Neðan við Bæjarhólsrindann nyrzt sást gleggst fyrir þessum gamla vallargarði. Þar var hann ávalur hryggur, gróinn vallendisgróðri, og var bratt vestur af honum niður á túnið, en þar stóðu Stórhúsi efst á túninu beint upp frá bænum. Ofan við vallargarðinn þarna var dálítill hvílt, u.þ.b. tveim fetum lægri en garðurinn, og var hún um 4-5 metra breið upp að brekkufætinum. Ég hugsa, að þarna hafi verið tekið efni í garðinn, þegar hann var hlaðinn upphaflega. Þarna var þurrilent og engir vatnsfarvegir. Þarna liggur garðurinn í beina stefnu suður með brekkufætinum á um 60 metra kafla. Þar er vinkilbeygja á garðinum, og liggur hann þar þvert vestur frá brekkunni á um 25 m kafla. Þá er önnur vinkilbeygja á garðinum, og frá henni liggur hann beina línu suður með brekkunni (þ.e. Kviakinninni), en þá fjær henni en áður. Þarna í vinkilbeygjunni, sem fjær var brekkunni, stóðu peningshús (fjárhús), þegar ég kom hingað í Litlu-Laugar 1913, og stóðu allengi eftir það. Þau hétu Götuhús ... Þessi hús höfðu verið byggð þannig, að norðurveggur þeirra var í gamla vallargarðinum, þar sem hann lá í vestur frá heiðarbrekkunni, en framstafnar húsanna voru í sömu línu og vallargarðurinn, þar sem

hann lá suður frá vinkilbeygjunni, sem áður er getið. Líklegt er, að hlið hafi verið á vallargarðinum sunnan við húsin, þar sem reiðgatan lá, en ummerki um það voru horfin. ... hinn gamli vallargarður sást ekki þarna [neðan við Kvíakinn þar sem Svarðargrafir voru], eins og hann hefði sokkið í mýrina.

Heimildir: Ö-Litlu Laugar viðb, 16-22

SB-289:023 heimild um útihús

Um 20 m ofan (austan) við Stórhús 012 er sýnt útihús á túnakorti. Það hefur verið um 2 m utan við túnjaðarinn á suðurbakka Bæjarlækjarins. Eyvindur Áskelsson á Litlu Laugum man eftir tóft á þessum stað en telur að hún hafi frekar verið af byggingu sem aldrei var lokið við að reisa.

Nú trjárækt tilheyrandi sumarbústað á afgirtri lóð sunnan við Bæjarlæk.

Engin merki sjást nú um þessa byggingu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-289:024 *Messuvað* heimild um vað

"Norður úr Breiðanesi var Kirkjuvað á ánni [Reykjadalsá], þar sem nú er rafstöðvarlónið. Aðrir vilja nefna það Messuvað, og það nafn mun vera notað t.d. frá Hólum." segir í eldri örnefnalýsingu Laugabóls en í þeirri yngri segir svo: "Norðanvert við Breiðanes lá vegurinn [026] vestur yfir ána, og hét þar Messuvað."

Heimildir: Ö-Laugaból, 1; Ö-Laugaból 2, 2

SB-289:025 *Geitakofahjalli* örnefni geitakofi

"Í brekkunni suður og upp frá Laugabóli er lítill hjalli, Geitakofahjalli (ekki gamalt nafn)."

Heimildir: Ö-Laugaból 2, 2

SB-289:026 *Kirkjugötur* heimild um leið

"Meðfram Reykjadalsá vottaði fyrir gömlum götum, sem ýmist lágu austan eða vestan ár og hétu Kirkjugötur."

Heimildir: Ö-Laugaból 2, 3

SB-289:027 *Grænatóftarbrot* heimild

"Grænatóftarbrot hét vallgróið tóftarbrot við brekkufót spölkorn sunnan við Grjótlæk. Merki saust þarna um steinahleðslu eða veggjagerð, og var þó allt grasi gróið og jarðvegurinn ræktarlegur. Líklegt tel ég, að þarna hafi verið stekkur áður fyrir, en engar sagnir heyrði ég um það. ... þar hefur engu verið hróflað enn." segir Áskell Sigurjónsson í viðbótum sínum við örnefnalýsingu jarðarinnar.

Heimildir: Ö-Litlu Laugar viðb, 6, 23-24

SB-289:028 *Svarðargrafir* heimild um mógrafir

"Svarðargrafir heitir gömul rúst af svarðargröfum ofan við Paradísartún, en neðan við Kvíakinn. Tryggvaskurður [handgrafinn] liggur frá Svarðargröfum niður túnið, niður undir peningshúsin í Laugafelli."

Heimildir: Ö-Litlu Laugar viðb, 6

SB-289:029 heimild um vörslugarð

"Ekki var þó túnið á Litlu-Laugum alveg óvarið fyrir ágangi búfjár. Nokkrum árum áður en foreldrar mínir fluttu hingað, höfðu bændurnir, sem þá bjuggu á Litlu-Laugum

ráðizt í þá framkvæmd að gera vörzluskurð og vörzlugarð spölkorn sunnan við túnið. ... Bændurnir breyttu farvegi Grjótlækjar á þann hátt, að þeir grófu nýjan farveg fyrir vatnið í Grjótlæk, beint niður mýrarnar alla leið niður í Reykjadalssá. Þessi nýi farvegur var nokkru sunnar (ca. 20-30 metrum) en gamli farvegurinn. Þessi nýi farvegur Grjótlækjar var svo djúpur og breiður, að skepnur fóru naumaast yfir hann. Einnig var hlaðinn grjótgarður upp brekkunna norðan við Grjótlækinn. Hlið var á þeim grjótgarði rétt neðan við brekkuna og þar greiðfært suður yfir Grjótlækinn. Grind var höfð í hliðinu, og ef það var lokað, þá var Grjótlækurinn og garðurinn norðan hans girðing, sem var vörn fyrir ágangi búfjár sunnan frá. Á sumrin voru kýr og hestar höfð fyrir sunnan Grjótlæk, og í heiðinni, þegar á sumarið leið. Sauðféð var rekið á afrétt austur á Reykjaheiði snemma sumars og gekk þar til gangna. Var túnið og engið norðan við bæ þannig varið ágangi."

Heimildir: Ö-Litlu Laugar viðb, 16-17

SP-289:030 garðlag

Uppi í heiðinni ofan við bæinn er garður sem liggur þvert yfir land jarðarinnar og langt út fyrir hana í báðar áttir.

6. Fornleifar og byggð

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir, en jafnframt þeir sem einna verst hafa orðið úti í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafir geta minjarnar í hólum geryðilagst.

Bæjarhóllinn á Hólum er sennilega gersamlega skemmdur nema syðsti hluti hans þar sem stofan var í síðasta torfbænum. Þar er nú trjáreitir. Á Litlu-Laugum stendur enn gömul baðstofa og er meginhluti bæjarstæðisins óskemmt en við byggingu steinhússins hafa þó mannvistarlög fremst á bjartæðinu verið fjarlægð.

Forn bæjarstæði á Valdys og Bollastöðum eru óskemmd með öllu en á báðum þessum stöðum eru bæjartóftir sem lítið eða ekkert hefur hlaðist undir og bendir það til skammvinnrar búsetu.

Túngarðar og útihús

Útihús eru langstærsti minjaflokkurinn, en þau eru víðast horfin, hafa verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Í túni Litlu-Lauga voru a.m.k. 7 útihús og eru þau öll horfin fyrir túrækt og byggingum. Aðeins eitt þeirra, Gerðishús, er innan lóðar Laugaskóla en það var sennilega geryðilagt er sparkvöllur var gerður ofan við barnaskólann. Á Hólum voru a.m.k. 6 útihús í túninu og eru tóftir eins þeirra, Stórhúsa, enn við lýði. Önnur hafa vikið fyrir túnasléttun og byggingum.

Túngarðar voru um tún á Litlu-Laugum og Hólum og sjást leifar þeirra á báðum stöðum. Garðurinn á Litlu-Laugum virðist hafa verið heldur meira en túngarður, afgirt mun stærra svæði en túnið, og eru nokkur sæmi um slíkt í Þingeyjarsýslum.

Tún og garðar

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Langflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélum og á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabíl. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjaski henta verr til rannsókna og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar. Bæði gömlu túnin hafa verið sléttuð með vélum.

Litlu-Laugar eiga sér sess í garðræktarsögu Íslendinga því þar var þegar á 19. öld byrjað að nýta jarðvarma til kartöfluræktar. Uppi í hlíðinni ofan við bæinn er stór kartöflugarður sem ræktaður var frá mörgum bæjum í grendinni. Ennþá eru leifar af torfgarði fyrir austurhlíð kartöflugarðsins en hann er enn í notkun þó í minna mæli sé en áður var.

Svarðartekja og torfrista

Svörður var tekinn á tveimur stöðum í landi Hóla, í Torfdal norðan við bæ og í Sundi sunnan við bæ og var sérstaklega mikið grafið á seinni staðnum og var sóttur þangað mór frá nágrannabæjum.

Torf var rist í Torfdal eins og nafnið bendir til og áttu Stóru-Laugar torfskurðarítak þar gegn engjaftaki í sinni jörðu. Góð velta var einnig í Valdísarmýri neðan við Valdys.

Stekkir og kvíar

Allmargir stekkir voru í landi Hóla og eru mörg örnefni dregin af þeim. Í Stekkjarlout eru leifar af tveimur stekkjum og er annar tvær aðskildar tóftir, kró og rétt og virðist hann vera yngsti stekkurinn á jörðinni. Við hlið hans er annar með hefðbundnu lagi. Tveir aðrir slíkir eru annarsstaðar í landareigninni, einn nyrst á Stekkjareyri og annar nyrst í Stekkjarholtum. Garðar Jakobsson telur að fleiri stekkir hafi verið í Stekkjarholtum en ekki sjást merki nema um þennan eina.

Á Hólum voru kvíar við Kvíhól fast vestan við túnið, og voru kvíatóftir á tveimur stöðum undir hólnum en þær eru horfnar nú. Hætt var að færa frá á Hólum 1913.

Jafnvel og Hólabændur hafa verið búnir að stekkjum og kvíum þá hafa Litlu-Laugabændur að sama skapi verið fátækir því engar slíkar minjar eru þekktar á þeirri jörð. Þó er örnefnið Kvíakinn suðaustan við túnið og bendir það til að kvíar hafi fyrrmeir staðið á flatanum neðan við kinnina en ofan við túnið. Þá hefur verið bent á að tóft sem kölluð er Grænatóftarbrot gæti hafa verið stekkur Litlu-Laugabænda.

Beitarhús og sel

Á hvorugri jörðinni var beitarhús en vera má að eyðibýlin, Bollastaðir, Kársstaðir eða Valdys í Hólalandi og Kjarnagerði í Litlu-Laugalandi hafi á einhverju stigi málsins gegnt slíku hlutverki.

Seltóftir eru í landi Litlu-Lauga uppi á heiðinni og Hólar hafa átt selstöðu í landi sínu á Seljadal sem nú tilheyrir Breiðumýri og eru báðir þessir staðir því utan skráningarsvæðisins.

Bænhús og legstaðir

Bænhús var á Hólum á miðöldum og var það fallið 1439 en frá því ári er eina þekkt heimildin um það. Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð en til greina koma tveir staðir. Annar er Kirkjulaut norðvestan vð bæinn. Í latinni er tóft sem snýr A-V og gæti stærðar og lögunnar sinnar vegna vel verið af litlu guðshúsi. Staðurinn er í túnjaðri og liggja fornar reiðgötur þétt við tóftina.

Hinn staðurinn er austan við bæinn þar sem heimreiðin er nú, suðvestan í hólrana sem umlykur bæjarstæðið að norðan og austan. Á þessum stað komu upp nokkrar mannsbeinagrindur við vegagerð 1924 og bendir allt til að þar sé kristinn grafreitir.

Leiðir

Miklar reiðgötur eru í hlíðinni ofan við Hóla og liggja þær þvert í gegnum landareignina. Þær eru ótrúlega beinar og er ekki útilokað að þar hafi upphaflega verið göngugarður sem nú er orðinn svo gersamlega sundurriðinn að ekkert sér eftir af honum. Hjá Bollastöðum skáru götur sem lágu yfir í Skógarsel þessa gömlu þjóðleið. Götupaldrar sjást einnig meðfram Reykjadalssá í Stekkjarholtum og hefur önnur þjóðleið legið í dalbotninum.

7. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Engar firðlýstar minjar eru á skráningarsvæðinu en þar eru þó staðir sem vert er að huga að til rannsókna og kynningar fyrir ferðamenn. Veruleg eyðilegging hefur orðið á undanförunum áratugum á fornleifum á skráningarsvæðinu vegna túnræktar og byggingaframkvæmda og er brýnt að stöðva þá þróun.

Bollastaðir, Valdys, tóft í Kirkjulaut og mannabeinafundarstaður austan við Hólabæ eru allt vænlegir rannsóknarstaðir, en það mun einkum vera Valdys sem gæti hentað til kynningar fyrir ferðamenn. Staðurinn er skammt frá þjóðvegi og þar eru skýr garðlög sem sýna stærð túnins. Með minniháttar

rannsókn mætti skera úr um aldur byggðarinnar og fá hugmynd um hvers eðlis hún var, og mætti nýta þær upplýsingar til kynningar á minjastaðnum.

8. Heimildaskrá

Heimildamenn:

Eyvindur Áskelsson fæddur á Litlu-Laugum 22.7.1932

Garðar Jakobsson fæddur á Hólum 8.4.1913

Glúmur Haraldsson fæddur á Hólum 9.5.1953

Guðrún Glúmsdóttir fædd í Vallakoti 25.4.1918

Sverrir Haraldsson fæddur á Hólum 14.3.1952.

Ritaðar heimildir:

BBSÞ: *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, Akureyri 1985.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

Garðar Jakobsson: 'Eyðibýli í Reykjadal.' *Árbók Þingeyinga 1993*, 104-119.

ÍF: *Íslensk fornrit*, Rv 1933-.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünnum 1918.

Ö-Hólar, Hólar – Lautir. Örnefnaskrá, umsamin örnefnaskrá Ara Gíslasonar af Páli H. Jónssyni 1968, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hólar ath, Hólar – Lautir. Athugasemdir og viðbætur, Garðar Jakobsson skráði 1992.

Ö-Laugaból, Laugaból, Ari Gíslason skráði 1966 eftir Tryggva Sigtryggssyni og Áskeli og Degi Sigurjónssonum, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Laugaból 2, Laugaból, Tryggvi Sigtryggsson skráði 1982, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Litlu-Laugar, Litlu-Laugar, Áskell Sigurjónsson skráði 1966, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Litlu-Laugar viðb, Litlu – Laugar. Viðbót við örnefnaskrá Litu-Lauga frá 1966, Áskell Sigurjónsson ritaði 1983, Örnefnastofnun Íslands.